

ÓNÁÐ
FRÉTTABLAÐ
Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Miðvikudagur 22. október 2003 • 42. tbl. • 20. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Veffang: www.bb.is • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 250 m/vsk



„Okkur vantar bara fleira fólk til að vinna með okkur“

– segir Halldór Halldórsson, bæjarstjóri í Ísafjarðarbæ, í ítarlegu viðtali um stöðu og framtíð byggðar á norðanverðum Vestfjörðum. Sjá miðopnu.

Minnisvarði um drukknaða og týnda afhjúpaður í Bolungarvík

María Haraldsdóttir, ekkja Guðfinns Einarssonar, fyrrum framkvæmdastjóra í Bolungarvík, afhjúpaði á laugardag minnisvarða um drukknaða sjómenn og þá sem týndir eru. Minnisvarðanum var valinn staður í Grundarhólskirkjugarði í Bolungarvík. Hann er reistur í minningu Guðfinns heitins og gefinn af Maríu og börnum þeirra hjóna.

Einar Jónatansson formaður sóknarnefndar stýrði athöfninni. Séra Agnes M. Sigurðardóttir sóknarprestur blessaði

minnisvarðann og kirkjukór Hólskirkju söng. Listakonan Elísabet Haraldsdóttir gerði minnisvarðann en hún er systurdóttir Guðfinns.

Minnisvarðinn stendur í miðju krossmarki úr sjávargrjóti. Aðstandendur týndra ástvina geta valið sér stein og áletrað með nöfnum þeirra er hvíla í votri gröf eða á ókunnum slóðum.

Töluverðar endurbætur hafa staðið yfir í kirkjugarðinum í haust og er þeim nú lokið. Garðurinn var hellulagður en

einnig var unnið að viðhaldi, meðal annars á eldri grjóthleðslum. Halldór Páll Eydal kirkjuvörður segir að bílastæði við kirkjugarðinn hafi að auki verið snyrt en stefnt sé að því að gera þar malbikað bílastæði.

Margir fylgdust með athöfninni sem fram fór í blíðskaparveðri. Á meðfylgjandi mynd sést María Haraldsdóttir afhjúpa minnisvarðann í Grundarhólskirkjugarði í vorblíðu haustveðrinu.

– kristinn@bb.is



María Haraldsdóttir afhjúpar minnisvarðann í Grundarhólskirkjugarði.

SAMKAUP
allt og fínt



OPIÐ:

Virka daga
kl. 09 - 21

Laugardaga
kl. 10 - 21

Sunnudaga
kl. 12 - 21

Verið velkomin!

SAMKAUP
allt og fínt

NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460




SKIP OG BÍLL - HEILDARLAUSN Í FLUTNINGUM




Útgefandi:

H-prent ehf.
Sólögötu 9, 400 Ísafjörður
Sími 456 4560,
Fax 456 4564

Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson,
sími 892 5362, bb@bb.is

Blaðamenn:

Kristinn Hermannsson
sími 863 1623
kristinn@bb.is
Halldór Jónsson
sími 892 2132
hj@bb.is

Ritstjóri netútgáfu:

Hlynur Þór Magnússon
sími 892 2240
hlynur@bb.is

Ljósmyndari:

Halldór Sveinbjörnsson
sími 894 6125,
halldor@bb.is

Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson og
Halldór Sveinbjörnsson

Umboðsaðilar BB:

Eftirtaldir aðilar sjá um
dreifingu á blaðinu á þétt-
býlissðöðum utan Ísa-
fjarðar: **Bolungarvík:**
Sólveig Sigurðardóttir,
Hlíðarstræti 3, sími 456
7305. **Súðavík:** Sólveig
Gísladóttir, Arnarföt 7, sími
456 4106. **Suðureyri:**
Deborah Anne Ólafsson,
Aðalgötu 20, sími 898
6328. **Flateyri:** Gunnhildur
Brynjólfadóttir, Brimnesvegi
12a, sími 456 7752.

Þingeyri:

Anna Sigrí
Magnúsdóttir, Hlíðargötu
14, sími 456 8233.

Sölustaðir á Ísafirði:

Hamraborg, Hafnarstræti
7, sími 456 3166. **Flug-
barinn,** Ísafjarðarflugvelli,
sími 456 4772. **Bónus,**
Ljóninu, Skeiði, sími 456
3230. **Bókhlaðan,** Hafn-
arstræti 2, sími 456 3123.
Bensínstöðin, Hafnarstræti,
sími 456 3574. **Samkaup,**
Hafnarstræti 9-13, sími 456
5460. **Krílið,** Sindragata 6,
sími 456 3556.

Lausasöluverð er kr. 250
eintakið m.vsk. Áskriftarverð
er kr. 215 eintakið. Veittur
er afsláttur til elli- og
örorkulífeyrisþega. Einnig
sé greitt með greiðslukorti.

Hafa hækkað mun meira en þing- fararkaup sem miðað hefur verið við

Á yfirstandandi kjörtímabili hafa orðið miklar hækkanir á launum bæjarfulltrúa í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar. Laun bæjarfulltrúa eru miðað við þingfararkaup sem hækkað hefur nokkuð. Auk þess ákvað bæjarstjórn á síðasta ári að hækka hlutfall launanna við þingfararkaup ásamt því að tekin voru upp föst laun til bæjarfulltrúa óháð fundarsetu. Bæjarstjórnarfundir eru tvisvar í mánuði að sumarfrí undanskildu og bæjarráð hefur fastan fundartíma á hverjum mánuði. Að auki þurfa bæjarfulltrúar að sinna ýmsum starfsskyldum sem ekki er greitt sérstaklega fyrir.

Í upphafi kjörtímabilsins voru laun bæjarfulltrúa 11.027 kr. fyrir hvern setinn fund en nú eru laun bæjarfulltrúa 17.511 kr. fyrir hvern fund auk þess sem þeir fá greiddar 30 þúsund krónur í föst mánaðarlaun óháð fundarsetu. Hafa laun þeirra því hækkað um tæp 300%.

Forseti bæjarstjórnar fær nú í laun 35.022 kr. fyrir hvern

fund auk föstu mánaðarlaunanna. Hafa laun forseta bæjarstjórnar því hækkað um 226%. Að auki situr núverandi forseti bæjarstjórnar einnig í bæjarráði og er því með um 170 þúsund krónur á mánuði.

Formaður bæjarráðs fær nú einnig 35.022 kr. fyrir hvern fund auk föstu mánaðarlaunanna. Að auki fær hann greitt fyrir hvern setinn fund í bæjarstjórn og eru því heildarlaun hans á mánuði um 207 þúsund krónur sem er um 235% hækkað frá upphafi kjörtímabilsins.

Bæjarráðsmaður fær nú 17.511 krónur fyrir hvern setinn fund auk föstu mánaðarlaunanna. Er því mánaðarlaun bæjarráðsmanns um 140 þúsund á mánuði og launa-hækkunin ríflega 200%.

Til formanna í einstökum nefndum eru greiddar kr. 17.511 á fund en áður voru þeim greiddar 8.270 kr fyrir hvern fund og nemur hækku-nin 211%. Einstakir nefndar-menn fá greiddar kr. 8.756 kr. á fund en áður voru þeim greiddar frá kr. 2.757 til kr.

4.135 kr. fyrir hvern fund.

Laun bæjarfulltrúa eru mjög mismunandi milli sveitarfélaga. Ræður þar stærð nokkru en ekki er það einhlítt. Leitað var eftir upplýsingum um laun bæjarfulltrúa á Akranesi og í Fjarðabyggð til þess að bera saman við laun bæjarfulltrúa í Ísafjarðarbæ.

Forseti bæjarstjórnar Akraness hefur í laun um 100 þúsund krónur á mánuði og formaður bæjarráðs Akraness er með í laun um 103 þúsund krónur á mánuði. Almennir bæjarstjórnarmenn eru með í laun um 76 þúsund krónur.

Í Fjarðabyggð er forseti bæjarstjórnar með tæp 93 þúsund krónur á mánuði sem og formaður bæjarráðs. Bæjarráðs-menn eru þar með tæp 62 þúsund krónur á mánuði og bæjarfulltrúar með tæp 31 þúsund krónur á mánuði. Í Fjarðabyggð eru formönnum nefnda greiddar tæpar 10 þúsund krónur fyrir hvern fund og almennir nefndarmenn fá greiddar tæpar fimm þúsund krónur fyrir hvern fund sem



Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði. Þeir sitja.

Af launum annarra sveitarstjórnarmanna á Vestfjörðum má nefna að forseti bæjarstjórnar Vesturbyggðar er með 103 þúsund í laun á mánuði og formaður bæjarráðs er með rúmar 53 þúsund krónur á mánuði. Á Hólmavík fá hreppsnefndarmenn 8.120 krónur fyrir hvern setinn fund.

Ekki liggur fyrir hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga heildarsamanburður á launum milli sveitarfélaga. Til stendur

að gera slíka könnun bráðlega.

Af samanburði þeim sem hér er gerður vekur helst athygli hversu mikill munur virðist vera á launum bæjarfulltrúa í Ísafjarðarbæ og í þeim sveitarfélögum sem nefnd eru. Er laun ísfrska sveitarstjórnarmanna þar í flestum tilfellum langtum hærri.

— hj@bb.is

Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ

Hundruð bólusetninga vegna inflúensu

Mikið annríki hefur verið hjá Heilbrigðisstofnuninni Ísafjarðarbæ að undanförunu við að veita bólusetningar gegn inflúensu. Anette Hansen Högnason, hjúkrunarfræðingur hjá HSÍ, sagði í samtali við blaðið á fimmtudag í síðustu viku að þá hefðu um 200 hundruð manns verið sprautaðir vegna flensunnar á Ísafirði en bólusetningarnar og vel á þriðja hundraðið að nágrenna-byggðarlögum meðtöldum. Í síðustu viku var biðröð út að dyrum í andyrri FSÍ.

„Mjög margir komu eftir að Sjónvarpíð flutti fréttir af inflúensunni. Ég reikna með að við verðum að sprauta langt fram í nóvember, það eru mörg fyrir-tæki bún á panta“, segir Anette. Bólusetningar hófust í byrjun mánaðarins. Anette segir að heldur fleiri hafi fengið sprautu nú en á sama tíma í fyrra. „Yfirleitt fer þetta seinna af stað en núna er flensan komin til landsins og fólk er búið að fréttu af því“, sagði Anette Högnason.

— kristinn@bb.is



Bólusetning hjá Heilbrigðisstofnuninni Ísafjarðarbæ.

Bolungarvík

Brunabótamat 30 milljónir króna

Brunabótamat hússins Hafnargata 61 í Bolungarvík, sem varð eldri að bráð föstudaginn 10. október sl., er 30 milljónir króna. Það er að stofni til frá árinu 1905.

Eigandi hússins er Löndunarþjónustan ehf. Samkvæmt lögum um brunatryggingar er gert ráð fyrir að hús sem brenna séu endurreist eða viðgerð séu þau ekki ónýtt. Ekkert liggur enn fyrir um eldsupptök og vinnur lögreglan í Bolungarvík enn að rannsókn málsins. —kristinn@bb.is

RIITSTJÓRNARGREIN

Horft fram á við

Þingmönnum Vestfirðinga og bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar ber að leita allra leiða til að Vestfirðingar komi sterkir til leiks að þeim möguleikum sem kunna að felast í opnun norðaustur-siglingaleiðarinnar, sem svo er kölluð. Fari sem horfir að mati vísindamanna mun siglingaleiðin, sem Rússar hafa nýtt sér örfáa mánuði á ári, opnast æ lengur er fram í sækir. Gætu þá skapast hér möguleikar fyrir umtalsverða þjónustu við flutningaskipin. Um gífurlega hagsmuni verður að ræða fyrir það land, sem valið verður sem viðkomustaður á þessari löngu flutningaleið. Um þá miklu fjármuni sem í húfi eru verður slegist og hvergi gefið eftir. Þess vegna verðum við að fylgjast með frá byrjun og vera tilbúnir í slaginn þegar á hólminn er komið. Ákvörðun utanríkisráðherra að setja á fót starfshóp til að fjalla um þá möguleika sem í þessu máli kunna að felast er ánægjuefni.

Ísafjörður hlýtur að koma sterklega inn í myndina verði siglingar fyrir Norðurheimskautið að veruleika og ef Íslendingar ná þar fótfestu á annað borð. Hér er góð höfn og hafnarými með miklum möguleikum til stækkunar. Við liggjum vel við siglingaleiðinni. Sú var tíð að hér var mikil þjónusta við erlend skip. Ekkert mælir því gegn að sú geti raunin orðið á nýjan leik. Svo vitnað sé til viðtals við Úlfar

Ágústsson í BB fyrr í mánuðinum þarf vart að taka það fram að Ísafjörður/Flateyri er eitt og sama og skiptir engu máli hvoru megin heiðar tjaldað verður. Þjónustuhöfn af því tagi sem hér er hugsanlega verið að tala um gæti verið hluti þeirrar stóriðju sem Vestfirðir þurfa á að halda.

Bæjarins besta hefur í tvígang gert að umtalsefni að skip Landhelgisgæslunnar verði gerð út frá Ísafirði, í fyrra skiptið 9. júlí 1997. Þá sögðum við: Á Ísafirði eru öll skilyrði til að taka við Landhelgisgæslunni. Höfnin með þeim bestu á landinu. Ísfrisk fyrirtæki eru fyllilega í stakk búin til að þjónusta skip Gæslunnar. En, það sem mest er um vert: Þótt varðskipin séu á flandri í kringum landið þá er það í vetrarveðrum á miðunum úti fyrir Vestfjörðum, sem mest á reynir. Þá er ekki verra að heimahöfnin sé nærri.“

Til að Ísafjörður verði sá öflugri byggðakjarni sem Vestfirðir þurfa á að halda verður að nýta öll tækifæri til atvinnuaukningar. Hvorki stuna né hósti hefur heyrst frá bæjaryfirvöldum eða þingmönnum Vestfjarða um staðsetningu Landshelgisgæslunnar á Ísafirði. Hugmyndin er þó ekki fjarstæðukenndari en svo, að sveitarfélag suður með sjó lýsti fyrir skömmu áhuga á að fá starfseminu til sín.

s.h.



Verslunarmiðstöðin Neista á Ísafirði.

Íslandspóstur flytur starfsemina í Verslunarmiðstöðina Neista á Ísafirði

Pósthúsið við Aðalstræti látið á móti

Íslandspóstur hefur fest kaup á húsnæði í Verslunarmiðstöðinni Neista á Ísafirði. Hörður Jónsson, framkvæmdastjóri hjá Íslandspósti, segir stefnt að flutningi póstafræiðslunnar úr gamla póst-

húsinu við Aðalstræti í nýja húsnæðið þegar líða tekur á nóvember. Gengið var frá samningum við eignarhaldsfélagið Apto ehf. á Ísafirði á föstudag. Pósthúsið við Aðalstræti verður tekið upp í kaup-

verð nýja húsnæðisins og segir Hörður að það verði afhent nýjum eigendum í síðasta lagi um áramót. „Nú brettum við upp ermar og hefjumst handa við að standsetja.“

Hörður segir að í aðdrag-

anda kaupanna hafi húsnæðisþörf Íslandspósts á Ísafirði verið skoðuð vandlega. „Við erum búnir að liggja yfir þessu og teljum að aðstaðan í Neista geti hentað okkur mjög vel.“

Eignarhaldsfélagið Apto rekur fasteignir sem áður tilheyrðu verktakafyrirtækinu Ágústi og Flosa á Ísafirði. Eins og hér hefur komið fram seldu eigendur þess, þeir Ágúst

Gíslason og Flosi Kristjánsson, verktakastarfsemina til Björgmundar Guðmundssonar og Torfa Jóhannssonar fyrir skömmu. Ágúst Gíslason hjá Apto segir ekki ráðið hvernig gamla pósthúsið verði nýtt.

Húsnæðið í Neista sem um ræðir er á jarðhæð í þeim hluta hússins sem snýr að Hafnarstræti og bílastæði Landsbankans. – kristinn@bb.is



Hraðfrystihúsið Gunnvör hf., í Hnífsdal.

Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf. í Hnífsdal

Umtalsverðar breytingar á eign hluthafa

Á þessu ári hafa orðið umtalsverðar breytingar á hluthafahópi Hraðfrystihússins-Gunnvarar hf. og er nú svo komið að fyrirtækið á tæp 18% beint og óbeint í sjálfa sér. Á lista yfir stærstu hluthafa sem birtur var 9. febrúar var Afl fjárfestingarfélag skráð með 18,24% hlutfjár og var stærsti einstaki hluthafinn. Þar á eftir komu Grandi með 14,65% hlutfjár og Lífeyrissjóður Vestfirðinga með 9,28% hlutfjár.

Á lista yfir stærstu hluthafa sem birtur var þann 5. maí sést að Grandi hf. hafði minnkad sinn hlut í 9,76% og Afl fjárfestingarfélag hafði minnkad hlut sinn í 5,25%. Þarna

höfðu því tæp 18% í eigu þessara tveggja aðila verið seld. Kaupendumir voru tveir samkvæmt hluthafalistanum. Annar kaupandinn var Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf. sem á nú 9,93% í sjálfa sér eða rétt undir þeim 10% mörkum sem leyfilegt er að fyrirtæki eigi af eigin bréfum. Hinn kaupandinn er fyrirtækið Katlar ehf. sem komið er á lista yfir stærstu hluthafa með 7,89%.

Stærsti eigandi Katla ehf., samkvæmt upplýsingum úr milliuppgjöri HG þann 29. ágúst, er Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf. með 49,33% hlut. Einnig eru hluthafar í Kötlum ehf. starfsmenn fyrirtækisins, þeir Einar Valur Kristjánsson

framkvæmdastjóri og Kristján G. Jóakimsson, framleiðslu- og markaðsstjóri.

Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf. á því beint og óbeint tæp 18% hlutfjár í eigin bréfum. Í síðustu viku minnkaði hlutur Afls fjárfestingarfélags síðan í 0,3%. Hafa því félög tengd Þorsteini Vilhelmssyni stjórnarformanni HG selt á árinu um 23% hlutfjár í HG. Hver keypti hlut Afls í dag er ekki ljóst. Verð hlutabréfa í HG hefur haldur sigið niður á við á þessu ári. Það var í upphafi 6,85 en hluturinn í síðustu viku var seldur á 6,4. Hefur því gengi hlutabréfa lækkað um 6,5% það sem af er þessu ári.

– hj@bb.is

Bolungarvík

Úrbætur á vatnsveitu ræddar

Bæjarráð Bolungarvík fjallaði á fundi í síðustu viku um nýafstaðinn bruna þar sem fyrrum trésmíðaverkstæði JFE í Bolungarvík brann til kaldra kola en brunavarnir staðarins heyrir nú undir bæjarráðið eftir fækkun nefnda.

Ólafur Þ. Benediktsson, slökkviliðsstjóri, og Finnbjörn Birgisson, bæjerverkstjóri komu á fundinn en m.a. voru ræddar mögulegar úrbætur á vatnsveitukerfi bæjarins. Ólafur sagði í samtali við blaðið eftir brunann að vatnsveitukerfið hafi séð slökkviliðsmönnum fyrir 4 þúsund lítrum á mínútu en miðað við eldmatinn í húsinu sjálfa hefði þurft um 23 þúsund lítra á mínútu til að slökkva eldinn eingöngu með vatni. Að auki mætti gera ráð fyrir meira vatnþörf vegna alls þess eldsmats sem inni í húsinu væri.

Bæjarráð fól bæjarstjóra að afla upplýsinga um eignarhald og möguleika á uppkaupum gamla vélsmíðjuhússins sem stendur næst grunni trésmíðjuhússins sem brann.

– kristinn@bb.is

5 ÁRA AFMÆLIS- OG OPNUNARTILBOÐ

Flytjum yfir götuna
Opnum á nýjum stað
föstudaginn 24. okt. kl. 13.00

RÓSATILBOÐ

DÚNDURTELBOÐ Á POTTAPLÖNTUM

t.d. gúmmitré 1,70m kr. 1.990,-
Madagaskar-kaktus, schettlera,
mahóniburkni, nóvemberkaktus o.fl.

Blómahornið

Sími 456 3336

Hafnarstræti 14, Ísafirði

(þar sem Bókaverzl. Milla Bjarna,
Verzl. Ösk, Basli o.fl. hafa verið til húsa)



Hér er nægur efniviður í næstu kynslóð tónlistarmanna

– sagði sellóleikarinn heimskunni Erling Blöndal Bengtsson í enn einni heimsókn sinni til Ísafjarðar

Erling Blöndal Bengtsson, sellóleikarinn heimskunni, hefur oft heimsótt ættarslóðir sínar á Ísafirði. Hann er fæddur í Kaupmannahöfn árið 1932 og á danskan föður en móðir hans var frá Ísafirði, Sigríður Nielsen, dóttir Sophusar Nielsen kaupmanns og bæjargjaldkera. Erling er dádur sonur Danmerkur en allar Norðurlandabjóðirnar vilja eigna sér hann. Enda er hann oft kallaður „norraen sellisti“ og hefur hljóðritað verk fjölmargra norraenna tónskálda. Íslendingar eru þar engin undantekning og halda sínu hluta af uppruna hans vel á lofti. Erling hefur verið sámdur stórriddarakrossi íslensku fálkaorðunnar en Danir hafa einnig sæmt hann riddarakrossi. Fyrir utan Háskólabíó í Reykjavík er stór bronsstyttta af Erling með sellíð.

Erling á að baki liðlega 50 ára feril sem tónlistarmaður og ríflega fimmtíu plötur. Hann lék fyrst á tónleikum á Íslandi árið 1946, þá aðeins 13 ára gamall. Í þeirri ferð kom hann í fyrsta sinn til Ísafjarðar og hefur heimsótt landið og fæðingarabæ móður sinnar reglulega síðan. Árið 1996 lék hann einleik á Ísafirði ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands. Árið 2000 hélt hann tónleika í Ísafjarðarkirkju og ári síðar kenndi hann á svokölluðu masterclass-námskeiði fyrir sellóleikara við Tónlistarskóla Ísafjarðar. Sagt hefur verið að Erling hefði aldrei komið til Ísafjarðar til að halda tónleika ef hann ætti ekki ættir hingað að rekja, svo stórt númer væri hann í sellóheiminum. Í síðustu viku lék hann á minningar-tónleikum um hjónin Sigríði J. Ragnar og Ragnar H. Ragnar í Hömrum á Ísafirði. Blaðamaður vatt sér að Erling þar sem hann var að snæða hádegisverð á Hótel Ísafirði og spurði hvort hann gæti ekki snarað sér frá borðinu sem snöggvast, svo

að hægt væri að taka af honum mynd á Ísafirði til að kynna tónleikana sem voru þá um kvöldið. Þessum virðulega danska sellósnillingi hefur sjálfsagt brugðið eitthvað við framhleyfnina en lét hvergi á því bera og kynnti kurteislega til sögunnar hinn helming dúettsins, tengdadóttur sína, rússneska píanóleikarann Nina Kavtaradze. Sammælt var um viðtal á sama stað morguninn eftir, rétt áður en Erling færi aftur flugleiðis til Reykjavíkur. Þegar að því kom hafði blaðamaður setið tónleika þessa heimsfræga einleikara og hrifist með eins og aðrir sem á hlýddu. Betri upplýsingar lágu fyrir um bakgrunn viðmælandans og því búið að taka af öll tvímæli um að hér væri á ferð einn af bestu sellistum heims. Einn tónleikagesta lýsti því þannig, að miðað við stöðu Erlings meðal sellóleikara væru tónleikar hans á Ísafirði ámóta merkilegur viðburður og ef Manchester United spilaði hér knattspyrnu eða Rolling Stones héldu rokktonleika. Því var ekki laust við að hjartsláttur blaðamanns væri örflítið örari en vanalegt er þegar kom að því að ræða við þennan merka mann.

Mikilvægt að halda tengslunum

Erling er afskaplega hlýr í viðkynningu, yfirvegaður og alþýðlegur. Eins og oft er með fólk sem býr yfir afgerandi hæfileikum og hefur náð ótvíræðum árangri virðist hann ekki hafa neina þörf fyrir gera yfirburðastöðu sína ljósa í samskiptum við aðra eða setja sig upp á hærrí skór vegna hennar. Eftir að sellósnillingurinn hafði stílt sér upp á óteljandi vegu fyrir ljósmyndara var farið að ræða tónleika gærkvöldsins. Erling kvaðst vera ánægður með tónleikana. Hann njóti þess alltaf að



spila á Ísafirði. – Þú hefur komið hingað nokkuð reglulega síðustu ár til að leika á tónleikum og svo hefurðu líka haldið hér masterclass-námskeið. „Námskeiðið var mjög gott framtak. Það var mjög heppilegt að fá allt unga hæfileikafólkið hingað. Þetta er staður sem virkilega býður upp á að hægt sé að einbeita sér að viðfangsefnunum án truflana.“ Blaðamaður ber upp á Erling samlikinguna við Manchester United og Rolling Stones. Sellósnillingurinn hlær og þakkar lofsamleg ummæli í sinn garð. Aðspurður um hálfíslenskan uppruna sinn segist hann vera hálfur Ísfröðingur. „Þegar ég kom fyrst til Ísafjarðar og hélt tónleika í Alþýðuhúsinu árið 1946 voru enn tvö ár þangað til Tónlistarfélagið var stofnað hér í bæ. Þá var það Jónas Tómasson eldri sem skipulagði tónleikana. Ég kom hingað ásamt foreldrum

mínum en Jónas hafði kennt móður minni söng í skóla. Þannig fann ég strax að þetta umhverfi var mér nátengt.“ – Var þetta fyrsta heimsókn þín til Íslands? „Já, við höfðum auðvitað verið einangruð í stríðinu frá 1939 til 1945. Þá lá samband niðri milli landanna.“ – Hafði móðir þín þá dvalið lengi í Danmörku? „Já, töluvert lengi. Ég held að móðir mín og amma hafi flust frá Ísafirði til Reykjavíkur þegar afi minn dó árið 1913. Móðir mín var píanisti og afar tónelsk mannekja. Hún lék af miklu næmi. Í Reykjavík lék hún í Gamla bíói þar sem þöglu myndirnar voru sýndar. Síðan er hún ráðin til Danmerkur og seinna til Svíþjóðar en þar í Nyköbing kynntist hún föður mínum. Á þessum tíma buðu öll hótél og veitingastaðir sem vildu gera sig gildandi upp á lifandi tónlist. Yfirleitt voru þetta tríó sem samanstóðu af píanói, fiðlu og sellói. Foreldrar mínir voru

að spila saman í Nyköbing á þriðja áratugnum og kynntust þar. Síðan fluttu þau til Danmerkur og ég fæddist í Kaupmannahöfn 1932.“ – Finnst þér mikilvægt fyrir þig að halda tengslunum við Ísland? „Já, að sjálfsögðu, það er hluti af mínu lífi að vera ættaður frá Íslandi og hefur alltaf verið. Síðan 1946 hef ég komið hingað reglulega – sem betur fer er mér alltaf boðið að koma aftur. Í nokkur skipti hef ég leikið á Ísafirði og ég vona að þetta hafi ekki verið í síðasta sinn.“

Mikil uppbygging í íslensku tónlistarlífi

– Þú býrð í Bandaríkjunum núna, ekki satt? „Jú, í Ann Arbor í Michigan. Ég hef búið þar í að verða 15 ár.“ – Þar ertu fastráðinn við tónlistarskóla en mér skilst að þú hafir mikinn áhuga á kennslu.

„Já, mér finnst það mikilvægur þáttur í lífi hvers listamanns að hafa tengsl við yngri kynslóðirnar. Það heldur manni vakandi og lifandi, listrænt séð.“ – Í hópi nemenda þinna hafa verið nokkrir Íslendingar. „Já, meðal annarra Gunnar Kvaran og Stefán Arnarsson en þeir hafa báðir komið fram hér á Ísafirði. Vonandi eiga fleiri íslenskir nemendur eftir að koma til mín.“ – Þú ert fæddur og uppalinn í Kaupmannahöfn, mikilli menningarborg með rötgrónu menningar- og tónlistarlífi. Nú hefurðu heimsótt Ísland reglulega í meira en hálfa öld. Verðurðu var við miklar breytingar á tónlistarumhverfinu hérna? „Á Íslandi hefur að sjálfsögðu orðið meiriháttar framþróun á síðustu 50 árum. Áhugi á listum og sköpun hefur alltaf verið til staðar meðal þjóðarinnar en núna sjáum við að búið er að byggja upp sinfóníuhljóm-

Starfsfólki Fells í Bolungarvík sagt upp

Fiskvinnsla liggur niðri hjá Útgerðarfélaginu Felli ehf. í Bolungarvík og hefur starfsfólki verið sagt upp störfum. Björgvin Bjarnason, framkvæmdastjóri félagsins, segir ekki liggja fyrir hvenær vinnslan komist í gang á ný. „Það er stopp í bili eins og gengur hjá okkur þessum litlu köllum. Hráfnisverðið er hátt og afurðaverðið lágt. Þetta er fer allt saman núna“, segir Björgvin. Unninn hafa verið lausfryst saltfiskflök hjá Felli og hefur það aflað hráfnis af fiskmörkuðum. Í sumar voru að jafnaði 8-10 manns starfandi hjá Felli. – kristinn@bb.is

Örbylgjusamband fyrir Internetið á Pingeyri

Töluþjónustan Snerpa á Ísafirði mun bjóða netnotendum á Pingeyri upp á þráðlausa háhraðasítingingu um örbylgju frá og með 30. október. Fyrir eru örbylgjutengingar á Suðureyri, Flateyri, Hólmavík, Súðavík og í Bolungarvík. Jón Arnar Gestsson hjá Snerpu, segir undirtektir netnotenda á Pingeyri lofa góðu en þegar hafi nokkrir skráð sig. Þá er boðið upp á háhraðanettengingu á veflestum þéttbýliststöðum á Vestfjörðum en m.a. er boðið upp á ADSL tengingar um símalínu á Patreksfirði og Tálknafirði auk Ísafjarðar. – kristinn@bb.is

KFÍ sigraði Tindastól í kvennakörfunni

Kvennalið KFÍ vann lið Tindastóls í 2. deildinni á sunnudag með 50 stigum gegn 26. Á heimasíðu KFÍ segir að leikurinn hafi einkennst af mikilli baráttu en leiðir hafi tekið að skilja í öðrum leikhlutum og var staðan í hálfleik 22-11. Þar segir að allt KFÍ-liðið hafi leikið vel en fyrst og fremst hafi þó vörnin skilað þessum sigri. Stigahæstar ísfrsku stúlknanna voru Helga Ingimarsdóttir með 14 stig, Sesselja Guðjónsdóttir með 8 stig, Íris Indriðadóttir og Berglind Ingvarsdóttir með 7 stig hvor og Sara Pálmadóttir með 6 stig. – kristinn@bb.is

sveit í fullri stærð. Útvarpi og sjónvarpi hefur náttúrlega fleygt fram á þessu tímabili og í dag eru margfalt fleiri tónleikar í gangi á hverjum tíma en voru þá. Auk þess eru fleiri tónskáld að störfum. Öflug tónskáld sem eru að vinna að stórum verkum. Þannig finnst mér meiriháttar þróun hafa átt sér stað.

Fyrir fimmtíu árum var það stórvíðburður ef tónleikar voru haldnir. Það er ef til vill einkennilegt að segja það, en í dag finnst mér jafnvel of mikið um að vera. Stundum hugsa ég að það væri ágætt ef minna væri í boði, því þá gæti maður virkilega hlakkað til þess sem væri í gangi.

Ég held þó að þannig sé það ennþá á Íslandi, að minnsta kosti miklu frekar á Íslandi en annars staðar. Ef til vill má segja að við séum ofdekrúð í dag. Við höfum aðgang að óteljandi geisladiskum og sjónvarpsútsendingum á mörgum stöðvum. Þannig höfum við nær endalaus tækifæri til að komast í menningarefni. Fyrir fimmtíu árum var nánast ekkert slíkt til staðar.

Hér á Íslandi var unnið frábært uppbyggingarstarf eftir seinni heimsstyrjöldina. Ragnar Jónsson í Smára var mesti velgjörðamaður tónlistarlífsins og gerði frábæra hluti með því að koma sífóníuhljómsveitinni af stað. Hann sótti tónlistarmenn til Mið-Evrópu eftir stríð, fékk þá til að koma til Íslands og leggja tónlistarlífina lið.“

Kom á óvart hve margir mættu

– Í gærkvöldi spilaðirðu í Hömrum, sem er eitt af nýju menningarhúsum okkar. Hvernig leist þér á? „Mér finnst þetta fyrirtaks hús og held að þið séuð mjög heppin að eiga alvöru tónleikasal. Það eru margir staðir sem hafa ekki slíkri aðstöðu á að skipa.“ – Gaman að heyra það. Ég held líka að menn hér um slóðir séu afskaplega hreyknir af þessari aðstöðu. Enda má kannski segja að hún sé niðurstaða áratuga uppbyggingarstarfs.

„Því má líka bæta við að hér er afskaplega öflugt fólk að vinna að framgangi tónlistarlífsins. Að mjög miklu leyti byggist styrkur menningarlífsins á fólkinu sem stendur á bak við það. Ég á við að það er hægt að setja

alls konar lög um þessa hluti, setja á stofn menningarmiðstöðvar og reka menningarmálaráðuneyti, en ef ekki er til staðar fólk sem er raunverulega áhugasamt um starfið og ástríðufullt gagnvart tónlistinni og listunum, þá gerist ekki neitt. Þið eruð mjög heppin hér á Ísafirði að eiga svo áhugasamt fólk sem raun ber vitni.

Þessi elja einkenndi starf Jónasar Tómassonar og síðar Ragnars H. Ragnar. Segja má að þeir hafi fært þessa hugsjón áfram til næstu kynslóða. Svona eldhugar eru afar þýðingarmiklir.“

– Þú hefur helgað þig sígildri tónlist, og ekki bara eiginlegri klassísk heldur hefurðu verið mjög áhugasamur um nútímatónlist líka.

„Já, að sjálfsögðu, þetta er náttúrlega allt sígild tónlist.

Ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir alla listamenn að vera vel inni í því sem samtímamennirnir eru að gera. Þannig er mikilvægt fyrir mig að vera í sambandi við tónskáld sem eru að skrifa fyrir mitt hljóðfæri.

Ég er svo heppinn að það hafa verið samdir fyrir mig tveir íslenskir konsertar.

Annar er eftir Jón Nordal og hinn eftir Atla Heimi Sveinsson.“

– Höfðar sígild tónlist að þínu mati eins sterkt til fólks og hún gerði áður?

„Já, það held ég. Nú hefur fólk náttúrlega langtum fleiri tækifæri til að nálgast tónlistina með tilkomu nýrra miðla eins og meðal annars geisladiskanna. Ég held jafnvel að í því felist nokkur hætta. Það er ekki lengur eins merkilegur viðburður og áður að hlusta á tónlist. Ég vona að áhugi á tónlist verði áfram til staðar.

En að sjálfsögðu ber okkur skylda til að halda þessum eldi logandi áfram. Við getum ekki tekið neitt sem gefið í þessum efnum. Mér sýnist reyndar að þið hafið marga efnelega tónlistarmenn hér innan Tónlistarskólans sem tryggja aðkomu næstu kynslóðar.“

Fann hvernig áheyrendur hlustuðu

– Er framtíð sígildrar tónlistar björt? Er mikið af efniviði fyrir framtíðina? „Já, ég held það. Ég veit að fólk segir að það sé kreppt í tónlistarlífina á heimsvísu, hljómsveitir séu draga saman seglin og fleira



Uppskeruhátíð á Sólborg

Fyrir helgina var haldin uppskeruhátíð á leikskólanum Sólborg á Ísafirði. Börnin ræktuðu í sumar kartöflur, gullrætur, kál og fleira

grænmeti á lóð skólans og nú var komið að því að gæða sér á afrakstrinum. Grænmetisbuff með tilheyrandi meðlæti var til hádegisverðar og allt var

hræfnið upprunnið innan girðingar á Sólborg. Pótti mjög við hæfi að syngja Grænmetisönginn úr Dýrunum í Hálsaskógi áður en tekið var til

matarins. Ekki var fúlsað við ilmandi grænmetisréttitunum sem leikskólabörnin gerðu góð skil meðan ljósmyndarinn athafnaði sig.

Neðri Tunga í Skutulsfirði

Íbúðarhúsið og útihúsin til sölu

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar ákvað á fundi sínum í síðustu viku að selja íbúðarhúsið og útihúsin í Neðri-Tungu í Skutulsfirði. Húsin hafa staðið auð um nokkurt árabil og eru frekar illa farin. Umhverfisnefnd vildi á sínum tíma að húsin yrðu rifin en á það féllst bæjarstjórn ekki.

Að sögn Sigurðar Mar

Óskarssonar bæjartækniþræðings voru umrædd hús á upphaflega skipulaginu fyrir þetta svæði. Var þá horft til þess að hvorki höfðu þá golfmenn eða skíðamenn eignast varanleg húskynni í Tungudalnum. Síðan hafa risið myndarleg hús fyrir starfsemi beggja íþróttageiranna. Því hafi ekki verið nein augljós not fyrir

húsin og því hafi tillagan um niðurrið komið fram sem bæjarstjórn féllst ekki á eins og áður sagði. Annað slagið hafa komið fram fyrirspurnir um kaup á húsunum. Á fundi bæjarráðs voru einnig lagðar fram tvær tillögur frá Sigurði Mar. Annars vegar tillaga þar sem reiknað er með íbúðarhúsi og útihús-

um á einni lóð og hinsvegar tillaga þar sem var reiknað með lóð fyrir hvort hús fyrir sig. Einnig lagði Sigurður til að aðkoma að húsunum yrði áfram eins og nú er. Samþykkt var að leggja síðari tillöguna fyrir bæjarstjórn og gera auk þess tillögu um að húsin yrðu auglýst til sölu. – *hj@bb.is*

Víða mikill samdráttur í afla í september

Í september var 4.755 tonnum af fiski landað á Vestfjörðum sem er rúmlega 8% samdráttur frá því í fyrra er landað var 5.175 tonnum. Mjög misjafnt er milli hafna hvernig þróunin er og virðist samdrátturinn vera bundinn við þær hafnir þar sem smábátaútgærd er mest.

Mestur varð samdrátturinn á Hólmavík eða um helmingur og þar á eftir koma hafnirnar á Bíldudal og Suðureyri með ríflega 40% samdrátt. Fjórðungssamdráttur varð í höfninni á Ísafirði. Aukning varð í Súðavík og í Bolungarvík varð tæplega 23% samdráttur. – *hj@bb.is*

Ungir framsóknarmenn vilja línuívilnun

Félag ungra framsóknarmanna á norðanverðum Vestfjörðum skorar á ríkisstjórnina að standa við gefin loforð um línuívilnun á haustdögum. Félagið fagnar hvalveiðum og óskar eftir eflingu háskólanáms á svæðinu, m.a. tónlistarnámi á framhaldsstigi. Þetta er meðal þess sem samþykkt var á aðalfundi félagsins á Ísafirði í síðustu viku. Þar mætti fjöldi vestfirskra framsóknarmanna en auk þess að álykta um málefni svæðisins var kosin ný stjórn í félaginu. Nýr formaður þess er Albertína Friðbjörg Elíasdóttir. – *kristinn@bb.is*

Óbreyttur rekstur hjá Siglingastofnun

Með setningu nýrra laga um eftirlit með skipum nr. 47/2003 var Siglingastofnun Íslands heimilað að fela einkaðílum skoðun skipa. Í tilkynningu frá Siglingastofnun segir að miðað sé við að þessar breytingar komi til framkvæmda í byrjun næsta árs. Markmið breytinganna sé m.a. að ná fram hagræðingu og einsleitni í skoðunum skipa. Siglingastofnun rekur útibú með tveimur starfsmönnum á Ísafirði. Kristján Vigfússon, verkefnisstjóri hjá Siglingastofnun, segir útibú stofnunarinnar á Ísafirði verða rekið áfram með óbreyttum hætti. – *kristinn@bb.is*



Hreinsibúnaðurinn settur upp hjá Trésmiðjunni í Hnífsdal. Ljósmynd: Þorsteinn J. Tómasson.

Trésmiðjan ehf. í Hnífsdal

Nýr hreinsibúnaður settur upp

Verið er að setja upp nýjan hreinsibúnað hjá Trésmiðjunni ehf. í Hnífsdal sem dælar ryki, sagi og spón út af verkstaðinu en skilar heitu lofti inn í húsið aftur. Magnús Geir Helgason, framkvæmdastjóri

Trésmiðjunnar, segir nýja búnaðinn blása óhreinindum í gám fyrir utan húsið.

„Þetta á aðallega eftir að að breyta því hvernig er umhorfs fyrir utan húsið, þar verður ekki eins mikið af ryki og

óhreinindum. Þannig er þetta gott fyrir nágrannana“, segir Magnús. Búnaðurinn er ekki kominn í gagnið ennþá en Magnús segir verið að setja hann upp og tengja.

Aðspurður segir hann verk-

efnastöðuna Trésmiðjunnar ágæta. „Við höfum m.a. verið í ýmiskonar innréttingasmíði fyrir aðila hingað og þangað um landið“, sagði Magnús Geir Helgason.

– kristinn@bb.is

Drög að náttúruverndaráætlun fyrir árin 2004-2008

Látrabjarg verndað

Samkvæmt drögum að náttúruverndaráætlun fyrir árin 2004-2008 sem Siv Friðleifsdóttir umhverfissráðherra kynnti fyrir stuttu stendur til að taka 14 svæði víðsvegar um landið til verndunar á tímabilinu. Eitt þessara verndunarsvæða er Látrabjarg og Rauðisandur í Vestur-Barðastrandar-sýslu.

Í drögum er ekki kveðið á um verndun Snæfjallastrandar og Stranda frá Furufirði að Ófeigsfirði eða Ingólfsfjarðar, Trékyllisvíkur og Reykjarfjarðar í Árneshreppi eins og lagt var til í skýrslu Umhverfisstofnunar um friðlýsingar. Í tilkynningu frá umhverfissráðuneytinu segir að í náttúruverndaráætluninni sé lögð áhersla á að festa í sessi nýja

aðferðafræði við svæðisbundna náttúruvernd.

Í stuttu máli felist hún í því að skilgreina og skrásetja náttúruverndar sem þarfnast verndar og tryggja lágmarksvernd þeirra í neti friðlýstra svæða.

Í drögum segir að Látrabjarg og Rauðisandur sé annað af tveim stærstu sjófugla-byggðum landsins ásamt Vestmannaeyjum. Á fyrirhuguðu verndarsvæði á Látrabjargi og Rauðasandi verpi um 60% af álkustofninum hér við land, um 30% af langvíu og 20% af stuttnefju. „Í Látrabjargi er stærsta álkubyggð í heimi og fuglabjörgin innan fyrirhugaðs verndarsvæðis eru hin mestu við Norður-Atlantshaf. Látrabjarg er vestasta fuglabjarg í Evrópu. Í Hafnarvaðli

og Rauðasandi eru einnig leirur og skeljasandsfjörur með fjölbreyttu fuglalífi“, segir í drögum.

Þar segir einnig að með friðun Látrabjargs og Rauðasands og annarra svæða sem lagt er til að vernda samkvæmt drögum auk þeirra svæða sem áður hafa verið friðlýst hafi að stærstum hluta náðst að vernda búsvæði nokkurra fuglategunda sem Ísland gegnir sérstakri ábyrgð á að viðhalda samkvæmt alþjóðasamningum og viðmiðum alþjóðlegra náttúruverndarsamtaka.

Einnig kemur þar fram að við val svæðanna 14 hafi verið tekið tillit til mikilvægis þeirra fyrir náttúruvernd, aðsteðjandi ógna og óska heimamanna.

Þó hafi einnig verið haft að leiðarljósi að festa í sessi tiltekna aðferðafræði við svæðisbundna náttúruvernd sem uppfylli skyldur Íslands á alþjóðavettvangi.

„Friðlýsing krefst töluverðrar undirbúningsvinnu, ef tryggja á að hún skili árangri, hana þarf að vinna í sem mestri sátt við heimamenn og hún þarf að falla sem best að áætlunum um aðra landnotkun. Þá þarf nauðsynlegt fjármagn til að treysta framkvæmd friðlýsingar og eftirlit með að skilyrði hennar séu uppfyllt og friðuð svæði verði ekki fyrir skemmdum eða ániðslu, eftir atvikum á hverju svæði“, segir í drögum.

– kristinn@bb.is

MAÐUR VIKUNNAR



Á von á storknum í janúar!

Nafn: Gísli Elís Úlfarsson.

Fædd/-ur, hvar og hvenær: Á Ísafirði 4. mars 1969.

Atvinna: Framkvæmdastjóri Hamraborgar ehf.

Fjölskylda: Giftur Ingibjörgu Guðmundsdóttur. Eigum tvíburana Jóhönnu Ösk og Inu Guðrúnu sem eru 3ja ára. Eigum síðan von á storknum í janúar.

Helstu áhugamál: Junior Chamber og slökkviliðið.

Bírfreið: Subaru Outback árgerð 1997.

Hvernig bíl vildir þú helst eiga? Nýrrí Outback.

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú varst lítill? Kaupmaður.

Uppáhalds matur? Skyr.is.

Versti matur sem þú hefur smakkað? Selkjöt.

Uppáhalds drykkur? Pepsi Max.

Uppáhalds tónlist? U2 og Pink Floyd.

Uppáhalds íþróttamaður eða félag? KFÍ.

Uppáhalds sjónvarpsfni? Breskir sakamálapættir.

Uppáhalds vefsíðan? bb.is

Besta kvikmynd sem þú hefur séð? Life is beautiful, lífið er yndislegt. Ítölsk mynd.

Fallegasti staður hérlandis? Snæfellsnesið.

Fallegasti staður erlendis? Landið er Kúba.

Ertu hjátrúarfull(ur)? Jáááá, ég held það.

Uppáhalds heimilistækni? Uppþvottavél.

Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir? Spila Kínaskák með vinum okkar hjóna.

Hvað fer mest í taugarnar á þér og hvers vegna? Þegar fólk segir annað en það meinar.

Hvað gerir þú til að láta þér líða vel? Hugsu um fjölskylduna.

Áttu þér leyndan draum sem þú ætlar að láta rætast? Já.

Hvað er það neyðarlegasta sem þú hefur lent í? Það var þegar ég var á leiðinni til Reykjavíkur, sérstaklega til að mæta í veislu. Þegar vélin tók á loft á Ísafirði uppgötvaði ég að ég hafði gleymt fötunum mínum á flugvellið. Þegar ég lenti í Reykjavík fór ég beint í Kringluna, keypti mér ný fót og mætti í veisluna. Þegar ég kom síðan aftur heim og ætlaði að sækja fötin til strákana á flugvellið, kom í ljós að þeir sáu mig gleyma fötunum og hlupu með þau á eftir mér út í flugvél. Þannig að fötin höfðu farið með mér til Reykjavíkur án þess að ég vissi það.

Ef þú værir bæjarstjóri í einn dag, hverju myndir þú breyta? Gera samning við embættismenn bæjarins sem og kjórna fulltrúa þess um að hver sé ábyrgur gerða sinna. Nú byggjum við t.d. glæsilegan íþróttaleikvang sem á að kosta 47 millur. Svo kemur reikningurinn upp á 90 millur. Hver ber ábyrgðina? (Hall-dór, svona gerir maður ekki!)

Lífsmóttó? Það er allt hægt!

Arnar G. Hinriksson hdl.

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Hef til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu

HEILBRIGÐISSTOFNUNIN Í SAFJARÐARBÆ

Sálfræðingur

Marteinn Steinar Jónsson sálfræðingur er með móttöku á Ísafirði.

Tímápananir í síma 450 4500.

Til sölu



Til sölu er Jeep Cherokee Laredo árg. 87. Upplýsingar gefur Fríða í síma 899 3178.

Nýtt! Barnaföt í Dekurhúsinu í Súðavík Sjá nánar á www.dekurhus.u.is

DEKURHÚSIÐ Hárstofa

AÐALGÖTU • SÚÐAVÍK • SÍMI 456 5099

Hvatt til frekari uppbyggingar háskólanáms á svæðinu

Félagsmálanefnd Ísafjarðarbæjar gekkst fyrir málþingi

á laugardag sem bar yfirskriftina „Ísafjarðarbær, bær ungra

Íslendinga“ þar sem fjallað um framtíðarsýn ungs fólks á

búsetu í Ísafjarðarbæ. Fimm frummælendur af yngri kyn-

slóðinni hófu málþingið, þau Stefán Pálsson, Halldór Smáráson og Helga Margrét Marzellíusardóttir, sem eru í 8., 9. og 10. bekk Grunnskólans á Ísafirði, auk Tómasar Árna Jónassonar og Hafðísar Sunnu Hermannsdóttur, sem eru í 3. og 4. bekk Menntaskólans á Ísafirði.

Var ekki annað að heyra en þau væru jákvæð í garð þess umhverfis sem ungt fólk á Ísafirði býr við. Öll hvöttu þau til frekari uppbyggingar háskólanáms á svæðinu en einn frummælenda sagði í gamansömu tón að ekkert skorti á aðbúnað ungmenna á svæðinu nema keilusal.

Að framsöguræðum loknum fóru fram pallborðsum-

ræður þar sem fulltrúar hinna fullorðnu sátu fyrir svörum, þau Magnús Stefánsson, alþingismaður og formaður fjárlaganefndar Alþingis, Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Rósamunda Baldursdóttir lögregluvarðstjóri, Halldór Hlökkversson forstöðumaður Gamla apóteksins og Bryndís Birgisdóttir, formaður íþrótt- og æskulýðsnefndar Ísafjarðarbæjar. Fundarstjóri var Albertína Friðbjörg Elíasdóttir.

Fjölmarginir fólk á öllum aldri mætti til leiks í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði til að fylgjast með og taka þátt í umræðunum. Má segja að vel hafi tekist að brúa kynslóðabilið.

– kristinn@bb.is



Fjölmarginir gestir á öllum aldri fylgdust með málþinginu.

Jarðgöngin undir Breiðadals- og Botnsheiðar

Tetra fjarskiptakerfið tekið í notkun

Þessa dagana er að ljúka uppsetningu á svokölluðu Tetra fjarskiptakerfi í Vestfjarðagöngunum og í Skutulsfirði. Fjarskiptakerfið er mjög fullkomið og í stuttu máli máli má segja að það sinni bæði hlutverki síma og talstöðvar. Þeir sem nota kerfið geta spjallað sín á milli og einnig er það hefðbundinn farsími.

Auk senda í Vestfjarðagöng-

um hafa verið settir upp sendar á Þverfjalli og á Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði. Sendar sem eru mjög öflugir hafa 50 km drægi. Uppsetningu kerfisins hafa starfsmenn Pólsins hf. á Ísafirði séð um.

Önundur Jónsson yfirlögregluþjónn á Ísafirði segir þetta mikið framfaraspor og þá sérstaklega í fjarskiptum inni í Vestfjarðagöngunum.

Eins og kunnugt er hefur ekkert fjarskiptasamband verið þar eins og t.d. er í Hvalfjarðargöngunum.

„Þetta kerfi opnar mikla möguleika í fjarskiptamálum okkar. Það gefur möguleika á því að öll fjarskipti fari um fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra og þannig nýtist mannskapur okkar betur á álagstímum. Nú þurfum við

sífelld að hafa menn bundna á stöðinni við síma og talstöðvar en getum nú vikið frá því þegar þörf er á.“ sagði Önundur.

Auk lögreglu munu slökkvilið og Vegagerð nota hið nýja fjarskiptakerfi og í framtíðinni er reiknað með að björgunar-sveitir á norðanverðum Vestfjörðum nýti sér það líka.

– hj@bb.is

Aðalfundur Sambands vestfirskra kvenna

Áhyggjur af atvinnu- og byggðamálum

Kvenfélagið Harpa var gestgjafi aðalfundar Sambands vestfirskra kvenna sem að þessu sinni var haldinn á Tálknafirði. Atvinnumál voru meðal umræðuefna og lýsti fundurinn áhyggjum yfir „verulega alvarlegri stöðu atvinnu- og byggðamála á Vestfjörðum. Hvetur sambandið til

að þingmenn og sveitarstjórnarmenn vinni af alefli í samvinnu við heimamenn að lausn á þeim vanda sem að steðjar“, eins og segir í ályktun fundarins

Auk fjölmargra mála sem snertu kvenfélög og orlofsmál voru á dagskránni tvö erindi sem gerður var góður rómur

að. Ingólfur Kjartansson skólastjóri á Tálknafirði og Sigríður Birgisdóttir kennari þar kynntu „Dreifmenntanet í Vestur-Barðastrandarsýslu“ og Ingrid Kulhman flutti erindi um sjálfsstyrkingu.

Linda Steingrimsdóttir sem átti að ganga úr stjórn sambandsins var endurkjörin. Að-

ar í stjórn eru Kristjana Sigurðardóttir formaður og Jensína Kristjánsdóttir. Varamenn eru Þórunn Eggertsdóttir, Sigríður Sigursteinsdóttir og Margrét Jóhannsdóttir. Næsti aðalfundur Sambands vestfirskra kvenna verður haldinn á Ísafirði að ári.

– hlynur@bb.is

Hefurðu lært að berja og brjóta bera lím á viði.

Vantar mig nú hrausta menn og fljóta múrara og smiði.



Árnagötu 3 • Ísafirði • Sími 456 5500



„Okkur vantar bara fleira fólk til að vinna með okkur“

– segir Halldór Halldórsson, bærarstjóri í Ísafjarðarbæ, í ítarlegu viðtali um stöðu og framtíð byggðar á norðanverðum Vestfjörðum

Halldór Halldórsson er nú á sjötta ári í starfi sem bærarstjóri Ísafjarðarbæjar. Hann tók við lyklavöldum á bærarstjóraskrifstofunni vorið 1998 en þá hafði Ísafjarðarbær aðeins starfað í tvö ár eftir sameiningu sex sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum árið 1996. Halldór minnst þess að þegar hann tók við stjórnartaumunum hafi hann verið sjötti bærarstjórinn til að sitja í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði á sjö árum. Aðspurður um stöðu sveitarfélagsins segir Halldór hana að mörgu leyti góða.

„Ég myndi segja að það hafi gengið ágætlega hjá okkur og margt er að ganga eftir eins og við vildum sjá það. Við erum með gott starfsfólk hérna og höfum endurskipulagt reksturinn á margan hátt, ég nefni t.d. Skóla- og fjölskylduskrifstofuna. Sameiningin er farin að segja til sín, fólk er orðið vanara því að horfa á þetta sem eitt samfélag.“

Með sölnunni á eignarhlut okkar í Orkubú Vestfjarða náðum við að endurskipuleggja fjármálin. Þannig höfum við getað lækkað skuldirnar um 700 milljónir. Auk þessu höfum við endurskipulagt félagslega húsnæðiskerfið með því að beita okkur fyrir lagabreytingu á landsvísu og með breyttum vinnubrögðum innanhúss. Reksturinn sem slíkur er, hjá þessu sveitarfé-

lagi og öðrum sveitarfélögum í landinu, enn of þungur. Sveitarfélögin í heild eru ekki að fá það út úr rekstrinum sem þarf til að standa undir nauðsynlegum framkvæmdum. Nú þegar við höfum framkvæmdafé vegna sölnunnar á Orkubúinu segir það strax til sín. Það er svo mikil framkvæmdaþörf að við förum strax í að reyna að sinna henni.“

– Er búið að eyða Orkubúspeningunum?

„Nei, en það er búið að ákveða ráðstöfun þeirra í þriggja ára áætlun sveitarfélagsins. Það er búið að ákveða að ráðast í stóráttak á mörgum sviðum. Í meirihlutasamningnum er kveðið á um áttatíu götum, gangstéttum og opnum svæðum, lausn húsnæðismála Grunnskólans á Ísafirði, bygg-

ingu íþróttahúss á Suðureyri og svo þetta glæsilega áttatíu í uppbyggingu íþróttasvæðisins á Torfnesi. Það hefur mikið verið rætt um sundlaug, við reyndar lofum ekki sundlaug í kosningabaráttunni, en verkefnin eru endalaus og þannig er búið að ráðstafa Orkubúspeningunum, það liggur alveg fyrir. Ég held hins vegar að íbyggja upp innviðina en að íbúar sveitarfélagsins séu mjög sáttir við þá ráðstöfun.“

– Þið metið það þá þannig að betra sé að nýta féð til að byggja upp innviðina en að eiga það í sterkari eiginfjárstöðu?

„Já, eiginfjárstaðan er náttúrliga betri af því að við greiddum niður skuldir um 700 milljónir en við metum það svo að við eigum að nýta féð til að framkvæma og gera betur. Það er minn skilningur eftir kosningabaráttuna og það sem kosið var um þar.“

Við verðum hins vegar að taka þetta skipulega, við getum ekki gert allt í einu og gerum okkur alveg grein fyrir því. Því ætlum við okkur ekki að fara af neinu offorsi í þessi mál.“

Sem mesta þjónustu á hverjum stað

– Þú segir að þér finnst

takast betur að líta á sveitarfélagið sem eina heild. Nú hefur í langan tíma mikið verið rætt um nýja sundlaug. Er það forsvaranlegt að bæta við enn einni sundlauginni þegar þær eru fjórar í liðlega 4.000 manna sveitarfélagi?

„Nei, það er það ekki. Ef við værum að horfa á þetta sem fyrirtæki í rekstri, þá værum við náttúrliga búin að hagræða þannig að það væri bara ein sundlaug í bænum og eitt íþróttahús eða tvö. Hins vegar erum við að reka samfélag og á því er munur. Ég sé ekki fyrir mér að það verði bætt við einni sundlaug enn heldur komi ný sundlaug á Ísafirði í stað þeirrar sem fyrir er eða sem viðbót við hana. Umræðan hérna á Ísafirði snýst aðallega um að það vanti löglega keppnislaug, 25 metra langa. Svo einkennilegt sem það er, þá eru sundlaugarnar á Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Ísafirði og Bolungarvík allar jafnlangar, 16? metrar. Þetta er kannski dæmi um að sameiningin hafi átt sér stað of seint. Þannig erum við með fjórar slíkar laugar í Ísafjarðarbæ sem gerir um 65 metra ef við leggjum þær allar saman. Þetta er náttúrliga ekki gott.“

Þegar ég segi að fólk sé að átta sig betur á sameiningunni og að sveitarfélagið sé að

verða meiri eining, þá samt sem áður vill fólk hafa ákveðna grunnþjónustu í sínu byggðarlagi. Við höfum viljað reyna að standa undir því. Það kann að vera að það reynist ekki skynsamlegt eða ekki mögulegt en það hefur verið stefna hér að halda sem mestri þjónustu á hverjum stað.“

– Í framtíðaruppbyggingu virkar það ekki skynsamlegt út frá rekstrarrökum að byggja upp samskonar þjónustu á öllum stöðum. Er ekki hægt að byggja upp mismunandi þjónustu á hverjum stað svo hún geti nýst á milli svæða?

„Jú, það hefði maður haldið. Ef við horfum á íþróttahús og sundlaug á Ísafirði, þá eru bæði notuð alveg í topp og í báðum tilvikum verið að líta yfir í hin byggðarlögin með íþróttahús og sundlaug. Svo getur verið í vissum tilvikum hagkvæmt, t.d. á Suðureyri þar sem við ætlum að byggja fjölnota íþróttasal, að byggja slíkt mannvirki í stað þess að ætla að aka fólki fram og til baka. Þannig eru ýmis sjónarmið sem þarf að vega og meta í því. Ég tek alveg undir að ákveðnir þættir geta verið á einum stað og þjónað öllum. Það hefur sýnt sig t.d. með stjórnsýsluna. Verslunin og stjórnsýslan er mestöll á Ísafirði og það er dæmi um hag-

ræðingu sem menn hafa leitað að.“

Pólitískur vilji í bærarstjórninni fyrir lausn húsnæðismála GÍ

– Annað stórt mál sem er búið að vera til meðferðar með einum eða öðrum hætti, liggur við eins lengi og elstu menn muna, það eru húsnæðismál Grunnskólans á Ísafirði. Hver er staðan í því máli?

„Nú er búið að skipa byggingarnefnd. Í fyrra fór fram arkitektasamkeppni þar sem var valin verðlaunatilaga. Sú samkeppni undirstrikaði þá skoðun sem meirihlutinn hefur haft alveg frá 1998, að það væri vel hægt að koma því húsnæði sem þyrfti fyrir á grunnskólalóðinni. Síðan var sett af stað undirbúningsnefnd sem skilaði af sér tillögum í vor um það hvaða forgangsröðun ætti að vera að vera í uppbyggingunni. Þessi hópur notaði má segja það besta úr verðlaunatillögunni. Í fyrsta áfanga þar var einmitt að taka framhljóðina á gamla barnaskólanum í gegn sem nú er orðin glæsileg. Næsta skref er að byggingarnefndin taki til starfa.“

Við sjáum fyrir okkur alveg þokkalega stórt skref í þesum málum strax á næsta ári. Það

eru ýmsar ástæðu fyrir því, m.a. sú að þessu var lofað, það þarf að taka á þessum hús-næðismálum Grunnsskólans og við þurfum að nýta fjármagn úr einsetningarátaki ríkisstjórnarinnar áður en því lýkur 1. september. Þaðan fáum við smávegis viðbót við okkar fjármagn.“

– Er ekki hægt að segja að það hafi gengið hægar en menn ætluðu, eða a.m.k. vonuðust til?

„Jú, en það má segja að árið 1998 þegar við tókum við, þá hefðum við getað spjallað um hvaða framkvæmdir sem væri en hefðum ekki getað framkvæmt neitt, því það var ekkert fjármagn til staðar. Fljótlega á árunum 1999-2000 var lokað fyrir fjármagsflæði til sveitarfélagsins sem og margra annarra sveitarfélaga vegna aðstæðna þeirra sjálfra og aðstæðna á fjármagnsmarkaði, bankar voru ekki tilbúnir til að lána nema á mjög háum vöxtum. Það er ekki fyrr en við seljum eignarhlut okkar í Orkubúinu að það losnar um þetta.“

– Niðurstöður úr arkitektasamkeppninni voru komnar fyrir rúmu ári, sumarið 2002, og undirbúningshópur starfandi síðasta vetur. Menn vonuðust kannski til þess að það yrði farið út í stærri framkvæmdir í sumar.

„Það var einfaldlega metið þannig að það væri ekki tími til þess og því þarf að nýta veturinn í vetur í þessa vinnu. Þetta þarf geysilegan undirbúning. Þetta er að mörgu leyti ágætt því við vorum í gríðarlegum framkvæmdum á Torfnesinu. Eins og ég sagði áðan þá getum við ekki gert all í einu.“

– Þetta mál er orðið geysigamalt og nær langt aftur í sögu Ísafjarðarkaupstaðar. Að vissu leyti er komið að endimörkum langlundargeðs og fólk jafnvel farið að efast um að nokkurn tímann verði úr bætt. Er raunverulegur vilji í pólitíkinni til að kýla málið áfram, hefur það slagkraft?

„Já, ég fullyrði að svo sé, bæði í minnihluta og meirihluta. Nú höfum við fjárhagslegan möguleika til að láta hlutina gerast.“

– Getum við þá reiknað með að það verði farið að framkvæma á þessu svæði næsta sumar?

„Já, ég á ekki von á öðru. Nú hafa t.d. verið lögð fram drög að erindisbréfi þessarar byggingarnefndar. Ég er sannfærður um að við eigum eftir að sjá hlutina gerast.“

Einn af byggðakjörnunum þremur

– Undanfarin ár má segja að farið hafi verið ítarlegar ofan í saumana á byggðapróuninni en áður með ýmiskonar rannsóknum. Síðustu tuttugu ár a.m.k. hafa alls ekki verið glæsileg fyrir landsbyggðina. Nú má heyra sveitarstjórnarmenn krefja stjórnvöld um hreinskilin svör, hvort vilji sé fyrir því að byggðirnar verði áfram til. Hvernig blasir þessi

staða við bæjarstjóranum í Ísa-fjarðarbæ?

„Ég hef sagt alveg frá því að ég kom vestur 1996, og hef starfað í anda þess bæði hjá Fjórðungssambandinu og hjá Ísafjarðarbæ, að við verðum að leggja áherslu á atvinnugreinar sem byggja á öðruvísi þekkingu og menntun en við erum í akkúrat núna. Sem betur hefur orðið jákvæð þróun varðandi háskólamálin. Hún hefði mátt vera betri í iðnmenntun og framhaldsmenntun á því sviði því við erum með mjög framsækin fyrirtæki í iðnaði hér á svæðinu. Við þurfum að bæta möguleika fólks í iðnmenntun svo það geti sótt stærri hluta síns náms hér á svæðinu og lokið nauðsynlegum prófum eins og sveinsprófum. Menntaskólinn

okkar eigin vestfirsku byggð-áætlun, að byggðakjarnarnir skyldu vera þrír utan höfuðborgarsvæðisins, það er Akureyri, Mið-Austurland og Ísa-fjörður. Þetta er algjört grundvallaratriði.

Það sem þarf að gerast í tengslum við þetta grundvallaratriði er að það verður að hraða vegaframkvæmdum, bæði þannig að við verðum eins fljót og hægt er inn á þjóðveg 1 og að það verði hægt að tengja saman byggðirnar. Þannig geti þær sótt þjónustu inn í byggðakjarnann og styrkt hann en um leið styrkjast þær sjálfar.“

Kerfið vinnur gegn flutningi opinberra starfa



er að vinna mjög gott starf í þessa veru og þar held ég að við eigum mörg sóknarfæri.

Þessa þætti þarf að byggja miklu meira upp um leið og við styðjum við þann grunn sem hér er til staðar.

Mjög mikilvægt atriði í þessu er uppbygging byggðakjarna, það er alveg klárt. Ég tel okkur hafa gríðarleg sóknarfæri á því sviði, á íslenska vísu – við verðum að athuga það. Við verðum að horfa á þetta út frá þessu íslenska dæmi. Við gætum verið að horfa á byggðavandamál í öðru landi þar sem verið væri að fjalla um bæ úti á landi sem væri jafnstór að íbúafjölda og öll íslenska þjóðin en ætti samt í vök að verjast. Eitt af málunum sem við erum að kljást við er að sökum mikillar tæknivæðingar hefur þörfin fyrir að dreifa sér hringinn í kringum landið minnkað. Þar með er ekki sagt að það geti ekki verið eitthvert hlutverk fyrir þessar byggðir, það bara breytist.

Mjög stór liður í þeirri breytingu er sterkur byggðakjarni á hverju svæði fyrir sig. Þess vegna er ég ánægður með að það skuli hafa farið inn í byggðaaætlun ríkisstjórnarinnar, eftir að við lögðum fram

– Þetta kann að vera dramatískt sjónarmið en það má segja að þessi tillaga um byggðakjarna sé fyrsta afgerandi opinbera yfirlýsingin í langan tíma um að það eigi að vera byggð utan höfuðborgarsvæðisins. Í frumdrögunum voru Ísafjarðarbær og Egilsstaðir ekki með heldur bara Akureyri. Má kannski segja að á þessum tíma hafði þessi svæði vegið salt í byggðapróunarlegu tilliti?

„Ég held reyndar að þarna hafi ríkisstjórnin ætlað sér að reyna að taka færri skref í einu og hafi síðan ætlað að snúa sér að hinu. Við vorum bara ekkert sátt við það. Í rauninni alveg eins og þegar við segjumst vera ánægð með að fá Ísafjarðarbæ inn sem byggðakjarna, þá eru menn kannski ekkert ánægðir á Patreksfirði eða Ströndum og vilja líka fá inn byggðakjarna fyrir sitt svæði. Nú er byggðakjarni á hverju landssvæði en nú er næsta skref eftir, það þarf að fara að vinna í anda þessa. Það þurfum við að sjá gerast strax, að stofnanir á vegum ríkisins og ýmis þjónusta fái fjármagn til að efla sig og nýjar stofnanir og ný störf verði flutt hingað í anda þessarar bygg-

ðakjarnastefnu. Þar munar okkur um hvert starf. Það er hægt að gera gríðarlega mikið með því að flytja hingað t.d. 10-15 manna stofnun og fjölga verkefnum hjá öðrum. Ef að ríkið myndi hafa þá stefnu, segjum á næstu þremur árum, að flytja hingað 100 störf, þá myndi slík ráðstöfun hafa í för með sér gríðarleg margfeldisáhrif.“

–Hið opinbera er gríðarlega stór þátttakandi á vinnumarkaði en flestar stofnanir þess eru á höfuðborgarsvæðinu. Er það nokkurt launungarmál að það er mikil tregða innan þessa kerfis að missa spón úr aski sínum út á land?

„Nei, það er ekkert launungarmál. Þess vegna þarf að vera alveg klár stefna um það hvernig á að gera það og hvað

á að gera. Ég tel að við getum hjálpað þeim og höfum verið að gera það.“

Alþingi og fjárlagafrumvarpið

– Er ekki alveg klárt mál að allar hugmyndir sem koma upp, á Alþingi eða innan ríkisstjórnarinnar, um að flytja störf út á land, munu mæta mótbárum geysimargra forstöðumanna og sérfræðinga sem bera því við að það sé ófaglegt og óhagkvæmt og svo framvegis að flytja störf út á land?

„Jú, við þekkjum öll þessi rök. Þetta er búið að ganga á í hvert skipti sem eitthvað hefur verið flutt til og í hvert skipti sem einhverjar hugmyndir í þá veru hafa komið upp. Þetta er sífellt barátta. En þess vegna segi ég að það sé svo mikilvægt að vera með svona skilgreiningu klára – þarna ætlum við að efla byggðakjarna og það verður að vera meira en orðin tóm.

Ég ásamt Kristjáni G. Jóhannssyni hef verið skipaður í þriggja manna verkefnisstjórn þar sem formaðurinn kemur úr iðnaðarráðuneytinu

til þess að framfylgja byggð-áætlun fyrir Vestfirði. Við eigum að skila af okkur fyrstu hugmyndum strax í upphafi árs 2004, við eigum að vinna hratt. Eitt af því sem við munum leggja áherslu á strax í upphafi er að fara að vinna eftir þessu.

Núna hefur fjárlagafrumvarpið litið dagsins ljós og er verið að vinna að viðbótum á því eins og gengur og gerist. Alþingi þarf að passa það mjög vel að það sé unnið eftir þessari stefnu. Það er ákveðin tilhneiging hjá ríkinu að spara, eins og alltaf er, en þá þarf að hafa ákveðna forgangsörðun í huga og segja: Við verðum að muna eftir Vestfjörðum núna, við verðum að muna eftir þessari stefnu okkar um byggðakjarna á Vestfjörðum! Heimila

stofnunum hérna aukin fjárútlát til að geta staðið við þá stefnu. Við höfum verið með hugmyndir um að byggja upp háskólasetur, að Veðurstofan byggi hér upp miðstöð snjóflóðarannsókna, að Hafrannsóknastofnun setji hér upp rannsóknarverkefni á sviði samningar og t.d. ætla Háskóli Íslands að opna hér háskólasetur. Allt þetta þarf fjármagn. Þarna eru stofnanir þar sem viljinn er til staðar og því þurfja alþingismenn að passa það vel á haustþinginu að þetta fari inn í fjárlögin.“

Fólki er óhætt að byggja

– Nú er þetta brautryðjenda-starf sem hefur verið í gangi að fá þátttöku þessara stofnana hingað inn á svæðið. Er ekki óhætt að segja að það hafi tekið langan tíma og verið geysilega erftitt?

„Jú, það hefur verið það. Ég hef sjálfur tekið þátt í þeirri vinnu ásamt mörgu öðru góðu fólki. Það er fullt af áhuga-sómu fólki hér sem hefur verið að draga þennan vagn.

Þarna á bak við liggur mjög mikil vinna en við höfum átt mjög gott samstarf við þessar stofnanir, m.a. háskólana, Hafrannsóknastofnun og fleiri. Auðvitað höfum við þurft á tíðum að sannfæra menn um ákveðna þætti þar. En það hefur líka komið á óvart hvað menn eru opnir fyrir hugmyndum og hvernig þeir sjá möguleika. Þannig er alveg klárt að við getum gert alveg rosalega marget.

Viljinn er til staðar, ég leyfi mér að fullyrða það. En það vantar að marka honum framkvæmdaleið – skýra leið til framkvæmda af hálfu ríkisvaldsins.

Um leið og gefin er svona yfirlýsing, að hér eigi að vera byggðakjarni, þá veit fólkið sem býr hérna að hér á að

tryggja framtíðina. Fólkið sem býr í byggðarlögum í kringum okkur, jafnvel í stórum radíus, það veit það að hér á að styrkja og efla. Það þýðir að mér er óhætt að byggja við húsið mitt og byggja nýtt hús. Hérna get ég komið með fyrirtækið mitt, eftir fyrirtækið mitt og nýtt alla þá möguleika sem eru í boði, hér er horft til framtíðar.

Þannig er þetta gríðarlega mikilvæg yfirlýsing enda sjáum við að fólk er farið að sækja um lóðir hjá okkur inni á Tunguskeiði. Þrátt fyrir samdrátt í sjávarútvegi og miklar breytingar, þá sér fólk að það verður að taka þátt í þeim breytingum sem þjóðfélagið er að ganga í gegnum en getur gert það hérna.“

Sveitarfélagið á að skapa umgjörð

– Mjög fljótlega eftir að Ísa-fjarðarbær tók til starfa árið 1996 varaði ágætur sveitarstjórnarmaður hér í bæ við því, að ákaflega erfiður tími væri að fara í hönd fyrir þetta svæði, þar sem útlit væri fyrir svo mikinn uppgang á höfuðborgarsvæðinu. Nú er í umræðunni farið að nefna þetta ruðnings-

áhrif og stefnir í annað hag-vaxtarskeið sem mun þá að langmestu leyti koma fram á höfuðborgarsvæðinu og fyrir austan. Er ástæða til að kvíða þessu og er það kannski hlutverk landsbyggðarmanna núna að krefjast aðgerða til að draga úr þessu ofpenslu-ástandi?

„Við höfum gert það. for-svarsmenn bæjarstjórnar hafa átt fundi með forsvarsmönnum ríkisstjórnarinnar og óskað eftir því að sökum þessara ruðningsáhrifa verði litið hing-að og passað upp á að við líðum ekki fyrir þau. Utanrík-isráðherra var með yfirlýsingu um daginn um að nú væri komið að Norðvesturkjör-dæmi. Ég tel mig merkja það í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að hún hafi í orði kveðnu vilja til að bregðast við þessu.

Hins vegar megum við ekki hafa áhyggjur af því þó gangi vel annars staðar á landinu, hvort sem það er fyrir austan eða á höfuðborgarsvæðinu. Við eigum að gleðjast yfir því, þá gengur betur í þjóðfélaginu. Við verðum bara að efla okkur um leið og vinna skipulega að nýjum atvinnutækifærum.

Bærin er að reyna að leggja sín lód á vogarskálarnar. Við erum að reka starf atvinnu-fulltrúa og settum á fót at-vinnumálanenfund á síðasta kjörtímabili en hún hafði ekki starfað hér lengi. Á þessu kjör-tímabili höfum við stækkað hana. Við erum að leggja At-vinnuþróunarfélagi Vestfjarða til rekstrarfé svo það geti sinnt sinni ráðgjöf og þróunarvinnu. Þannig reynir bærin að leggja sitt af mörkum fyrir utan náttúrlega allan löbbyismann sem við stöndum fyrir. Eins og kunnugt er unnum við með bændum að því að auka mjólk-urframleiðsluna með því að endurnýja tækja- og húsakost sem gerir þeim kleift að bæta við sig kvóta og gripum. Þann-ig erum við alls staðar með putтана að hjálpa góðu fólki og reyna að koma til aðstoðar.

Bærin er náttúrlega aðeins einn liðurinn í þessu. Mikil-vægasti liðurinn eru einstakl-ingarnir og fyrirtækin á svæð-inu og þeir sem geta hugsað sér að koma hingað inn á svæðið. Okkar hlutverk er fyrst og fremst að skapa þessu fólki og þessum fyrirtækjum gott umhverfi. Gott vatn, góð-ar götur, góðar hafnir, góða skóla og góða leikskóla – og við erum að því.“

Ef menn koma með góða hugmynd...

– Þú nefnir að það sé hlut-verk sveitarfélagsins að bjóða aðstöðuna til atvinnuupp-byggingu en það heyrir stundum á fólki að það vill fá einhverjar beinar aðgerðir. Hversu langt á sveitarfélagið að ganga í að leiða atvinnu-uppbyggingu?

„Það á að skapa þessar að-stæður eins og ég sagði áðan. Við höfum ótalmörg dæmi þar sem sveitarfélög eru að fara inn í atvinnufyrirtæki og það hefur bara ekki heppnast, því miður. Það er ekki hlutverk sveitarfélaga að gera þetta. Ef aðstæðurnar eru til staðar, þá er það hlutverk einstakling-anna að gera þetta.

Sveitarfélagið sjálft er með um 400 manns í vinnu og er því mjög stór vinnuveitandi eða mjög stórt fyrirtæki. Það þarf á sínum tekjum að halda til að sinna sínum verkefnum. Auðvitað kemur fólk til mín og segir þetta við mig. Þá hef ég beðið fólk um eina hug-mynd að svona fyrirtæki sem bærinn ætti að koma að. Yfir-leitt þegar farið er í gegnum þetta með fólki áttar það sig á því hversu erfitt er að fram-kvæma þetta. Við höfum fullt af dæmum um að sveitarfélög eru að kaupa einhver fram-leiðslufyrirtæki en það hefur ekki gengið upp. Við getum skoðað þessi dæmi út um allt land.

Ef menn kæmu með ein-hverja góða hugmynd að fyr-irtæki sem væri að veita at-vinnu, þá myndum við skoða þá hugmynd með jákvæðum huga alveg eins og við skoðum allt með jákvæðum huga. Við skoðuðum það með jákvæðum huga að vinna með bændum um að eflingu mjólkurframleið-slu. Við komum að því máli en aðeins sem stuðningsaðili.“

Byggðamálin skoðist í íslensku samhengi

– En hvað sérðu fyrir þér eftir segjum 10-15 ár? Hvar eru framtíðarmöguleikarnir?

„Ég sagði á Fjórðungsþingi inni í Reykjanesi fyrir stuttu, að við yrðum að venja okkur á að horfa á framtíðina með augum þeirra sem eru á aldr-inum 25–35 ára. Það vill svo til að einhverjir bæjarfulltrú-anna sleppa innan þessa ald-ursskeiðs og því höfum við fulltrúa þessa hóps, ef svo má segja.

Ef ég horfi tíu ár fram í tímann, þá sé ég fyrir mér að að þetta byggðakjarnadæmi hafi tekið með uppbyggingu nýrra atvinnugreina hér og samgöngurnar séu komnar í

alveg fullkomið stand. Það er algjört líkylatriði að okkur tak-ist að búa til ný störf einmitt fyrir fólk á þessum aldri sem ég nefndi. Fólk sem er að koma úr námi og hefur fullan áhuga á að búa hérna. Það er fullt af fólki sem hefur mikinn áhuga á að búa hérna ef við getum boðið upp á þessi skilyrði.

Núna er ég að horfa á þetta út frá íslenskum aðstæðum. Svona byggðakjarni eins og er hér á norðanverðum Vest-fjörðum, með 5.500 íbúa, þar af Ísafjörður sjálfur með um 3.000 íbúa, er ekkert mjög líttíl á Íslandi. Ísafjarðarbær er 12. stærsta sveitarfélag landsins. Ef svæðið allt væri eitt sveitar-félag væri það sennilega í 7. eða 8. sæti.

Sumir tala um að jafnvel Akureyri sé of líttíl bær til að draga að sér fólk af því fólk vilji búa í stórum bæjum. Þá sé jafnvel Reykjavík of lítil og fólk vilji búa í útlöndum. Ég held hins vegar að þegar fólk er búið að búa í útlöndum á tíma skynji það svo vel kostina við að búa heima á Íslandi, þannig vilja flestir koma aftur. Ég tel okkur klárlega, þrátt fyrir þær efasemdraddir sem heyrast frá sumum, eiga möguleika inn í framtíðina sem öflugt byggðarlag.“

Íslendingar vilja byggja allt landið

– Stundum er rætt um að það verði að huga að stöðu höfuðborgarsvæðisins með tilliti til samkeppninnar við útlönd. Nú fyrir skemmstu kom fram í rannsókn höfuð-borgarstofu vísbendingar um að mjög stór hluti þeirra Ís-lendinga sem byggju erlendis væru af landsbyggðinni, eins og þeir þyldu ekki við í höf-uðborginni og flyttu beint út. Er höfuðborgarsvæðið nægj-anlegt mótvægi við útlönd eða verður að byggja á fjölbreytt-ari búsetumöguleikum?

„Ég hef alltaf sagt að við verðum að byggja á fleiri val-kostum. Við erum náttúrlega valkostur til búsetu á Íslandi eins og aðrir staðir. Mér finnst þetta mótvægisbull við höfuð-borgarsvæðið alls ekki rétt nálgun. Að Akureyri sé eitthvert mótvægi við höfuðborg-ar svæðið. Akureyri er bara val-kostur, Ísafjarðarbær er bara valkostur og hann á náttúrlega að vera góður. Ég held að fólk sem býr erlendis vilji ekkert endilega flytja heim til Reyk-javíkur. Samt vil ég ekki und-anskilja það að ég tel að það sé mjög mikilvægt að höfuð-borgarsvæðið sé sterkt. Ef við

tökum það í samanburði við aðra staði landsins, þá er það firmasterkt því þar búa 60–70% landsmanna.

Ég er alveg klár á því að fullt af fólki sem býr erlendis og hugsar sér að koma heim vill allt eins flytja til Ísafjarðar, Akureyrar eða á álfka staði. Við verðum að hafa aðra val-kosti en höfuðborgarsvæðið sem eru í lagi. Íslendingar sjálfir vilja það. Það er bara í nösunum á fólki þegar heyrist umræða frá höfuðborgarsvæð-inu um það eigi ekki að styðja hina eða þessa byggðina. Það er ekkert verið að styðja þessar byggðir, það er ekkert verið að dæla peningum í þessar byggðir eins og stundum er í umræðunni. Þetta er bara bull. Það er ekki einu sinni búið að klára grunngerð samfélagsins. Það er ekki einu sinni búið að klára vegakerfið sem er fyrir alla. Þess vegna segi ég að það er bara rétt í nösunum hjá smábroti fólks sem býr á höf-uðborgarsvæðinu að það sé á móti því að landið byggist í heild. Það er bara almenn skoðun Íslendinga, þeir vilja það.“

Þversögn í lögum um stjórn fiskveiða

– Sjávarútvegsmálin hafa verið mjög fyrirferðarmikil í umræðunni um langan tíma. Sumir segja að kvótakerfið sem slíkt hafi beinlínis verið vestfirskum byggðum skað-legt, aðrir segja að Vestfirð-ingar hafi vanrækt að vinna með kerfinu og því orðið fyrir skaða. Nú var þessi línuíviln-unarumræða í hámæli fyrir nokkrum vikum. Hvaða sýn hefur bæjarstjóri Ísafjarðar-bæjar á þessi mál?

„Það er náttúrlega mikil þversögn í lögum um stjórn fiskveiða. Þar segir að þau eigi að styrkja byggð í landinu en síðan á líka að vinna að auk-inni hagræðingu í sjávarút-vegi. Aukin hagræðing þýðir samþjöppun og hún bitnar á einhverjum. Menn hafa ekki verið sáttir við það því byggð-arlögin hringinn í kringum landið byggja á þessu. Okkur hefur tekist misjafnlega upp í kerfinu. Fyrirtæki hafa selt sinn rekstur og sínar veiði-heimildir, jafnvel í trausti þess að reksturinn verði áfram hér, fyrirtækjum hefur gengið illa í rekstri o.s.frv.

Sem betur fer erum við með fyrirtæki á svæðinu sem hafa virkilega verið að spyrna við fótum og gera mjög vel, t.d. Hraðfrystihúsið-Gunnvör og fleiri. Þar sem varð algjört

hrun í sumum byggðarlögum fundu menn sér glufur og komu sér upp smábátum með miklum dugnaði. Ég held t.d. að kvótastaðan á Suðureyri sé mjög svipuð og hún var árið 1991 af því að menn hafa keypt sér veiðiheimildir og byggt sig upp.

Einn þáttur sem hefur skap-að okkur erfiðleika, fyrir utan þær veiðiheimildir sem við höfum misst af svæðinu, er að um það leyti þegar kvótakerfið var sett á eru Íslendingar að veiða um 300 þúsund tonn af þorski en nú erum við að veiða á bilinu 190-200 þúsund tonn. Það segir til sín alls staðar, hérna líka. Svo hafa líka orðið tæknilegar breytingar sem hafa fækkað starfsfólki veru-lega í þessari atvinnugrein. Bara í rækjunni t.d. er orðin það mikil tæknivæðing, að það er verið að vinna svipað magn í þremur verksmiðjum á norð-anverðum Vestfjörðum og var unnið í sjö verksmiðjum fyrir fimmtán árum. Þetta er svipað magn með bara brot af starfs-fólkinu.

Ég hef stundum sagt til gam-ans og til að setja hlutina í annað samhengi, að við erum með tvö fyrirtæki hérna sem sérhæfa sig í að fækka fólki í sjávarútvegi, Póls og 3X-Stál. Þau gefa sig út fyrir að fram-leiða tæki til að geta fækkað starfsfólki í sjávarútvegi og aukið hagræðingu.“

Alþingi á bara eftir að útfæra línuívilnun

– Nú er staðan orðin þannig í sjávarútveginum á Vestfjörð-um að á síðasta ári var afla-verðmæti smábáta u.þ.b. jafn-mikið og af skipum Hrað-frystihússins-Gunnvarar, sem er langstærsti aðilinn hér um það er kallað. Þótt áhrif línu-ívilnunar hafi e.t.v. verið teygð og toguð í umræðunni, er það farsælt að svona hugmynd komi fram þar sem hagsmunir tveggja stærstu pólanna í sjáv-arútveginum hjá okkur fara ekki saman?

„Það er mjög vont þegar menn eru að takast á í sömu verstöðinni, um í rauninni sameiginlega hagsmuni. Hraðfrystihúsið-Gunnvör er náttúrlega stærsti aðilinn hérna sem er að vinna í stóra kerfinu. En við erum með fyr-irtæki á Þingeyri og með fleiri enn einn aðila hér á Ísafirði og í Bolungarvík sem eru að vinna í þessu kerfi

Mér finnst þessi átök mjög vond, en ef við tökum línu-ívilnunina til umræðu, þá lá

hún alveg skýr fyrir í kosn-ingabaráttunni. Umræðan um hana núna er kannski svolítfið skökk því Alþingi á eftir að fjalla um þetta. Við vitum ekki hver útfærslan verður. Menn hafa talað um að í staðinn fyrir að ráðstafa byggðakvóta með ýmiskonar hætti, þá sé hann hvort eð er að detta út og þá sé hún réttlátari úthlutun á þess-um gæðum. Ég held að svo geti verið en hins vegar hef ég áhyggjur af þeim aðilum, sem hafa fengið byggðakvóta, að þeir stóli of mikið á hann og megi ekki við því að missa hann úr sínum rekstri.

Það fór ekki framhjá nein-um að báðir stjórnaflökkarnir buðu upp á línuívilnun í kosn-ingabaráttunni. Margir þeirra sem berjast harðast gegn henni núna þeir kusu þessa stjórna-flokka. Menn verða bara að átta sig á því að það var boðið upp á þetta, ríkisstjórnin er búin að lofa að framkvæma þetta, í stefnuræðu forsætis-ráðherra kom fram að það væri hægt að setja lög og gera þetta á næsta ári. Næsta ár hefst 1. janúar og því getur hann átt við 1. janúar eða 1. febrúar, hann sagði ekki á næsta fisk-veiðiári. Þannig líft ég svo á að Alþingi eigi bara eftir að út-færa þetta.“

Vonar að útgerðar-menn ræði málin

– Það fer ekki á milli mála að það hefur farið töluvert þúður í þessa umræðu, ef svo má segja. Menn hafa verið að álykta um málið og þrýsta á þingmenn o.s.frv. Við sáum í fyrra að það tókst að sameina Vestfirðinga um eina byggða-ætlun, m.a. undir þinni for-göngu. Nú hafa sjávarútvegs-málin verið eilíffársuðupottur deilna á Vestfjörðum undan-farin ár. Væri vænlegt að reyna að móta sameiginlega sjáv-arútvegsstefnu Vestfjarða svo að slagkrafturinn gæti nýst í að ná henni fram í staðinn fyrir að deila um leiðirnar innan héraðs?

„Það væri gagnlegt og hraustleikamerki á vestfirsk-um byggðum ef Vestfirðingar gætu komið sér saman um stefnu og útfært hana fyrir landið í heild. Þetta er náttúr-lega gríðarleg hagsmunabar-átta og eigendur fyrirtækjanna eru ekki alltaf hér á svæðinu. Ég veit ekki hvernig sú stefna ætti að líta út. Ekki nóg með að menn séu ósammála um leiðir á milli kerfanna, heldur eru menn jafnvel að deila inn-an kerfanna, ekki bara á Vest-fjörðum heldur um allt land.

Bolungarvík: Blanda sér ekki í byggðakvótann

Bæjarstjórn Bolungarvíkur mun ekki ganga inn í úthlutun byggðakvótans sem í hlut bæjarfélagsins kom við úthlutun í síðustu viku. Til Bolungarvíkur var úthlutað 66,4 tonn. Einar Pétursson segir afskipti af úthlutun byggðakvótans kosta mikið návígi bæjarstjórnar við út-vegin og það sé ekki af hinu góða. Samkvæmt úthlutun-arreglum koma þessi rúm 66 tonn því til úthlutunar á alla báta í Bolungarvík í hlutfalli við kvótægign hvers um sig. Skilyrði er að afla þessum verði landað í Bolungar-vík og hann einnig unninn þar. *—hj@bb.is*

KFÍ féll úr bikarnum eftir jafntefli við KR

Lið Körfuknattleiksfélags Ísafjarðar féll úr keppninni um Hóphílabikarinn eftir jafntefli við KR í seinni viður-eign liðanna í Reykjavík. KFÍ tapaði fyrir KR í fyrri við-ureign liðanna á Ísafirði. Lokastaðan í seinni leiknum var 96-96 en jafntefli er afar fátt í körfuboltaleikjum. Oftast er framlengt þegar svo ber undir en í Hóphílabik-arnum ræður samanlagður stigafjöldi liðanna úrslitum. Á heimasíðu KFÍ segir að liðið hafi átt finan leik enda lið KR firmasterkt.. Sigurður G. Þorsteinsson kom inn á hjá KFÍ og vakti mikla athygli en hann er einungis 15 ára.

Tveir ölóðir látnir sofa úr sér í fangageymslum

Tveir menn gistu fangageymslu lögreglunnar á Ísafirði um helgina. Karlmaður á fimmtugsaldri var handtekinn ölóður í heimahúsi á laugardagskvöld og var látninn sofa úr sér vímuna í fangageymslunni. Piltur á átjándá ári var handtekinn ölóður þá um nóttina og var einnig lát-inn sofa úr sér í fangageymslunni. Haft var samband við forráðamenn hans og starfsmann Skóla- og fjölskyldu-skrifstofu Ísafjarðarbæjar, þar sem pilturinn hafði ekki náð sjálfraðeisladri. *— hlynur@bb.is*

smáar

Ung (erlend) hjón með kornabarn, sem eru að hefja búskap á Þingeyri vantar notaðan ísskáp, þvottavél og örbylgjuofn. Vinsamlegast haf-ið samband við börhall í sínum 456 8102 eða 896 3750.

Til sölu er barnabílstóll fyrir 4-18 kg. Bæði fram og aftur snúningur. Selst fyrir kr. 4.000.- Upplýsingar í síma 895 5326.

Óska eftir 16", sex gata felgum. Uppl. í síma 898 4043.

Til sölu er gaseldumarhelluborð og gaskútur. Uppl. ís. 456 3553.

Til sölu er rauður hornsófi. Uppl. í síma 848 2535.

Óska eftir að kaupa PlayStation 1 leikjatólvu. Einnig harðan disk í PC. Uppl. í síma 893 5191.

Til sölu er Axis kofa, 90x2 m með tvölmur hillum á endanum. Á sama stað er til sölu vagn sem selst á lítið. Upplýsingar í sínum 456 7441 eða 867 2965.

Leita að góðum leigjendum í 3ja herb. fallega og bjarta íbúð í vesturbæ Reykjavíkur. Íbúðin hentar einstaklega vel fyrir Háskólanema þar sem stutt er í skólann, en auk þess er mjög stutt í alla þjónustu. Frekari upplýsingar veitir Elin í síma 863 8035.

Strandamenni Aðalfundur félagsins verður haldinn í Kíwanishúsinu (Sigurðarbúð) við Úlfarsáa í Ísa-firði, sunnudaginn 26. október kl. 16. Boðið verður upp á kaffi og kökur. Allir eru hvattir til að mæta. Stjórnin.

Til sölu er vel með farinn MMC Lancer, árg. 1994, ekinn 121 þús. km. Uppl. í síma 868 7509.

Til sölu er Skoda Octavia turbo árg. 2000. Gott verð. Uppl. í síma 456 4847 og 869 8015.

Óska eftir frystikistu, gefins eða fyrir lítið pening. Upplýsingar gefur Lina í síma 456 4847 og 869 8015.

Sundfélagið Vestri er enn að safna munum á flóamarkað. Vinsamlegast hafið samband við Sigurbjörgu í síma 456 3470 eða Sigrúnu í síma 691 4546.

Skiptiborð úr IKEA fæst gefins gegn því að verða sótt. Uppl. í síma 456 4158 eftir kl. 18.

Veidistöng tapaðist. Þú sem tókst velðistöng fyrir utan Sundstræti 34, viltu skila henni aftur á sama stað. Allar upplýsingar eru vel þegnar í síma 456 4686. Fundar-lum. Ísak Atli Finnogason, 10 ára velðalmaður.

Óska eftir að taka á leigu fjögurra herbergja íbúð eða einbýlishús, helst í Holtaherfi. Upplýsingar í síma 897 6706.

Hestamenn athugið! Árshátið Hestamannafélagsins Hendingar verður haldið í Krúsinni, laugar-daginn 8. nóvember. Fjölbreytt skemmtidagskrá. Hestamenn fjöl-mennnum. Skráning til 2. nóvember í sínum 456 4686 (Linda), 897 4669 (Anna) og 456 4158 (Auður).

Bolungarvík
Afgreiðir ekki styrki
Kynntar voru umskóknir um styrki til menningar-ráðs Bolungarvíkur á fundi ráðsins í síðustu viku. Menningarráð tók hins vegar ekki afstöðu til þeirra og vísaði til bókonar sem gerð var á fundi þess 10. september.
„Enn og aftur ítrekar menningarráð að því hefur enn ekki borist erindisbréf sem ætlað er að skilgreina verksvið ráðsins.“ Þá óskaði menningarráð eftir því að erindisbréfið yrði gert.

Íslandsmótið í einstaklingskeppni í boccia

Héðinn Ólafsson Íslandsmeistari

Íþróttafélagið Ívar á norðanverðum Vestfjörð- um átti nýu keppendur á Íslandsmótinu í einstak-



Héðinn Ólafsson, fremstur meðal jafningja í Íþróttafélaginu Ívari.

Gistináttum á hótélum á Vestfjörðum

Fjölgar um 19% í ágúst á milli ára

Gistinætur á hótélum á Vestfjörðum voru um 19% fleiri í ágústmánuði í sumar en í sama mánuði í fyrra, samkvæmt ný-birtum tölum hagstofu Íslands. Svipuð aukning var á Suðurnesjum og Vesturlandi. Gistinóttum fjölgaði í öllum landshlutum en aukningin varð mest í þremur áðurnefnd-um fjórðungum.

Á Austurlandi fjölgaði gisti-nóttum um 16%, á höfuðborg-arsvæðinu taldist aukningin um 8% og á Norðurlandi eyst-ara og vestra var hún rúmlega 6%. Á þessu sinni var aukningin minnst á Suðurlandi en

ingskeppni í boccia sem haldið var á vegum Íþróttasambands fatlaðra í Reykjavík fyrir stuttu. Héðinn Ólafsson frá Ísa-firði varð Íslandsmeistari í 3. deild en þær Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir og Guð-björg Halldóruddóttir kom-ust í úrslitakeppnina í sínum deildum. Keppend-ur á mótinu voru alls um 200 talsins. Íþróttafólkið

frá Ívari stóð sig allt með prýði þótt árangur Héðins beri af enda hefur hann mesta reynsluna. Þar er skemmtast að minnst þátt-töku hans á Ólympíuleik-um fatlaðra á Írlandi í sumar, þar sem hann hlaut tvenn silfurverðlaun eða í sveitakeppni og tveimenn- ingi og varð í fjórða sæti í einstaklingskeppni. Svo vildi til að Héðinn varð

sextugur meðan á leikun-um ytra stóð. - hlýnur@bb.is



Ökumenn í Vestfjarðagöngunum

Virða ekki aðvörunarljós

Margir ökumenn sem um Vestfjarðagöngin fara virða ekki umferðarljós við ganga-munnana og hægja ekki ferð-ina við aðvörunarljós. Starfs-menn í viðhaldsvinnu í göng-unum hafa því átt fótum sínum fjör að launa að undanförmu.

Að sögn Sævars Óskarsson-ar hjá Pólnum á Ísafirði voru

starfsmenn fyrirtækisins fyrir stuttu að vinna við hurðir ganganna og þurftu nokkrum sinnum að loka þeim í nokkrar mínútur. Um leið kviknar rautt ljós sem þýðir að akstur inn og útúr göngunum er bannað-ur. Mikið bar á því að öku-menn virtu ekki þessi umferð-arljós.

„Sumir ökumannanna fóru inn um hliðarhurð og opnuðu fyrir bílaumferð og áttum við fótum okkar fjör að launa.“ sagði Sævar í viðtali við blað-ið. „Við höfum síðan þurft að

leggja ökutækjum okkar inni í göngunum við vinnu okkar. Þar hafa ökumenn ekki heldur virt aðvörunarljós með því að hægja á sér“, sagði Sævar. Samkvæmt reglum ber öku-mönnum að virða umferðar-ljósinn við gangamunnana eins og önnur umferðarljós. Um-ferð um göngin getur verið stöðvuð af ýmsum ástæðum m.a. vegna slysa eða mengun-ar. Því er mjög áriðandi að ökumenn fylgist með og virði umferðarljósinn.

- hj@bb.is

Atvinna í boði
Fyrirtæki með þekkta vöru fyrir smábáta-flotann óskar eftir að ráða sölufulltrúa til starfa á Vestfjörðum. Starfið getur hvort sem er verið fullt starf eða hlutastarf.
Leitum að sjálfstæðum, kraftmiklum, ein-staklingi með mikið frumkvæði. Áhugasamir sendi upplýsingar á skrifstofu BB fyrir mánu-daginn 27. október merkt „Sölufulltrúi – Vestfirðir.“

STAKKUR SKRIFAR

Fólksfækkun og viðsnúningur

Margt hefur verið rætt um fiskveiðar og fiskvinnslu að undanförmu. Kristinn H. Gunnarsson alþingismaður skrifaði í BB liðinnar viku um kvóta og framsal hans og ræðið nokkuð málflutning Eyjafréttu í Vestmannaeyjum. Rétt er hjá Kristni að fólk tekur afstöðu eftir eigin hagsmunum. Það er manlegt og eðli-legt. Svar Kristins við skrifum og umfjöllun Eyjafréttu er birtingarmynd átaka einstakra sjávarbyggða um hagsmuni og því miður er ástæða til að óttast um-ræðan snúist meira um einstakar byggðir, fyrirtæki og einstaklinga en heildarhags-muni Íslendinga. Kristinn er ekki einn um skoðun sína. Hópur skoðanabræðra hans er stór og á ef til vill eftir að stækka enn. Ísafjarðarbær hlaut stærsta skerf-inn af byggðakvótanum, 119 tonn. Búast má við því að forsvarsmenn annarra sveitarfélaga láti í sér heyrna um málið og krefjist meira sér til handa.

Ekkert er eðlilegra en að ræða fiskveiðistjórnunarkerfið og áhrif þess á byggðir landsins. Sveitarfélögin á Vestfjörðum fá af byggðakvótanum í sinn hlut 398 tonn, sem var úthlutað 16. þessa mánaðar. Bolungarvík fær 66,4 tonn, Ísafjarðarbær 118,9 tonn, Súðavík 30,4 tonn, Tálknafjörður 15,2 tonn, Vestur-byggð 76 tonn, Árneshreppur 34,6 tonn, og Hólmavík fær 56,7 tonn. Sumum kann að þykja of mikið í lagt, en Vestfirðingum sennilega of lítið. Að auki á eftir að útfæra hugmyndir um línuvinnu, er að óbreyttu mun koma til framkvæmda á næsta fiskveiðiári. Um þá leið eru skiptar skoðanir, þótt ekki bóli á útfærslu enn, svo sem fyrr er sagt. Kosturinn við byggðakvótann er sá að honum skal skipt á báta í sveitarfélaginu. Sá fær mest sem á mest, en þó enginn meira en 15

tonn. Skilyrt er að aflanum sé landað til vinnslu í sveitarfélaginu. Ekki verður greint að sértækur lausnir eins og byggðakvóti hamli fólksfækkun á Vestfjörðum. Fyrir tæpu ári voru íbúar á Vestfjörðum 7.930 samkvæmt taln-ingu Hagstofu 1. desember 2002. Á fyrstu 9 mánuðum þessa árs eru brottfluttir umfram aðflutta 104, en ótaldir eru fæddir og dánir. Íbúar á Vestfjörðum eru því rúmlega 7.800. Nú þurfa sveitarstjórnir og Alþingi að svara því hvort æskilegt sé að halda núverandi byggð á Vestfjörðum og þá til hverra ráða verði gripið. Á að taka í taumana eða horfa á vestfirskar byggðir dragast saman ár frá ári? Þeirri grundvallarspurningu þarf að svara hvort eftir einhverju sé að slægjast með byggð á Vestfjörðum. Sléttuhreppur lagðist í auðn 1952, fyrir liðlega hálfri öld. Engum spurningum var þá svarað af hálfu yfirvalda um stefnu til framtíðar. Grunnavíkurbeygur fór sömu leið áratug síðar. Innviðspáttun á áttunda áratugnum var metnaðarfull, en dugði ekki til að halda byggð í inn-anverðu Ísafjarðardjúpi.

Fækkunin kemur fram í öllum sýslum og er nú svo komið íbúar í Strandasýslu eru um 820, í Barðastrandarsýslu um 1.730 og í Ísafjarðarsýslu um 5.280, þar af um 940 í Bolungarvík. Sá lærdómur er draga má af hálfar aldar gamalli sögu horfinnar byggðar í Norður-Ísafjarðarsýslu er, að því órar sem fækkar því fyrr fjarar undan byggð. Tækifærin og kostir Vestfjarða duga ekki ein, en ásamt markvissri stefnu stjórnvalda má snúa við þessari þróun, sem hér hefur verið lýst. Hvar er stefnan?

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og mállefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.



Tómas R. Einarsson, Matthías M.D. Hemstock, César Hechevarría og Daniel Ramos leika af innlifun á tútgáfutónleikunum í Edinborgarhúsinu.

Útgáfutónleikar Tómasar R. og félaga í Edinborgarhúsinu

Sjóðheitur íslensk-ur Havanahljómur

Tómas R. Einarsson og hljómsveit léku fyrir þétt-skipuðum sal í Edinborg-arhúsinu á Ísafirði á fimmtudagskvöld. Á boðstólnum var sjóðheitur latíndjass af plötunni Havana sem Tómas hljóðritaði á Kúbu ásamt þarlandum listamönnum í ágúst. Tónleikarnir eru haldnir í tilefni af útgáfu plötunnar og voru þeir fyrstu af fernum útgáfutónleikum. Auk Ísafjarðar heldur sveitin útgáfutónleika á Akureyri, Húsavík og á Nasa við Austurvöll í Reykjavík. Óhætt er segja að flutningi þeirra félaga hafi verið vel tekið enda voru þeir hylltir af ríflega 80 tónleikagestum með standandi lófataki. Með hljómsveitinni léku tveir kúbanskir listamenn, tres-gítarleikarinn César Hechevarría og trompetleikarinn Daniel Ramos en þeir tóku báðir þátt í hljóðritun plötunnar í Havana. Hljómsveitina skipa ásamt hljómsveitar-



Tómas R. Einarsson og Davíð Þór Jónsson píanóleikari. stjóranum og bassaleikaranum Tómasi R. Einarssyni, píanóleikarinn Davíð Þór Jónsson og slaverksleikarinn Matthías M.D. Hemstock. Auk þess lék með þeim á tónleikunum Sigurður Flosason sem er best þekktur fyrir saxófónleik en sýndi einnig mikil tilbrif á konga trommur. – kristinn@bb.is

Heilbrigðiseftirlitið Vestfjarða

Felur Ísafjarðarbæ að hreinsa til á Þingeyrarodda

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða hefur falið Ísafjarðarbæ að hreinsa lóðina að Hafnarstræti 24 á Þingeyri þar sem húseigandi hefur ekki orðið við tilmælum um hreinsun. Forsaga málsins er sú að heilbrigðiseftirlitinu bárust kvartanir vegna járnarusls sem safnast hafði á Þingeyrarodda og þá sérstaklega í kringum húseignina Hafnarstræti 24. Húseignin var í eigu Byggingarlistar ehf. sem varð gjaldþrota á síðasta ári.

Þann 15.júlí fór heilbrigðisfulltrúi í vettvangsskoðun. Í skýrslu fulltrúans kemur fram að á þessu svæði hafi verið komið fyrir gömlum tækjum úr fiskimjölsbræðslu og væri þar m.a. að finna gufuketil, pressu, reykhláf og fleira.

Með bréfi þann 16.júlí til Jónasar Þórs Guðmundssonar hdl. Skiptastjóra þrotabús Byggingalistar ehf. óskaði heilbrigðisfulltrúi eftir úrbótum fyrir 1.september en til þess hefur heilbrigðisfulltrúi

heimild í lögum og reglugerðum. Þessari ósk sinnti skiptastjórinn ekki.

Heilbrigðiseftirlitið sendi því Ísafjarðarbæ bréf þann 3. október þar sem bænum var falið að hreinsa umrætt svæði. Á bæjarráðsfundi í síðustu viku var málið tekið fyrir og samþykkti bæjarráð að vísa því til tæknideildar og fjármálastjóra. Jafnframt lagði bæjarráð áherslu á að fjármagn vegna kostnaðar við hreinsunina verði tryggt. – hj@bb.is



Um þessar mundir eru liðin 5 ár frá því að við höfum veitingarekstur. Af þessu tilefni bjóðum við sérstök afmælistilboð út októbermánuð

Alvöru kjúklingabitar

Stökkir og safaríkir kjúklingabitar með kartöflubátum, salati og kók á kr. 900

Saltfiskveisla

Frábært úrval af saltfiskréttum alla daga bæði hádegi og kvöld á frábæru afmælistilboði.

Allir í steik


Nauta-, lamba- og svínasteikur á góðu verði, þú velur uppáhalds sósuna þína.



Öll börn fá glaðning frá Coca cola!

Netheimar/MH

IÐNAÐARHURÐIR



Léttar, sterkar og þéttar



HÉÐINN

Stóras 6 • IS-210 Garðabæ • Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is

helgar

dagbókin

Sjónvarp • veður •
skemmtanir •
íþróttir • fólk •
fréttir • kirkjustarf

veðrið

Horfur á fimmtudag:
Suðvestan og vestan 5-10 m/s. Skýjað með köflum og þurrt, en léttskyjað austanlands. Hiti 3 til 9 stig, svalast austanlands.
Horfur á föstudag:
Vestlæg átt, víða 8-13 m/s. Skýjað og dálítil súld vestantil, en bjartviðri austanlands. Hiti breytist lítið.

sportið

Sjónvarpið:
Laugardagur 25. október:
Kl. 13:25 – Þýski boltinn: Leikur óákveðinn.
Kl. 15:50 – Íslandsmótið í handbolta: Fram – KA.
Sýn:
Miðvikudagur 22. október:
Kl. 18:30 – Meistaradeild Evrópu: Glasgow Rangers – Manchester United
Kl. 20:40 – Meistaradeild Evrópu: Chelsea – Lazio.

Laugardagur 25. október:
Kl. 11:15 – Enski boltinn: Bolton – Birmingham
Kl. 19:25 – Spænski boltinn: Deportivo la Coruna – Valencia.

Sunnudagur 26. október:
Kl. 13:45 – Enski boltinn: Charlton Athl. – Arsenal
Kl. 15:50 – Enski boltinn: Tottenham Hotspur – Middlesbrough

kirkja

Suðureyrarkirkja:
Sunnudagaskóli á
sunnudag kl. 11:00.
Sóknarprestur.

Horfur á laugardag:
Hægur vindur og víða bjartviðri framan af degi, en síðan vaxandi suðvestanátt með rigningu sunnan- og vestantil. Hlýnandi veður.
Horfur á sunnudag:
Suðvestanátt og rigning eða súld, en úrkomulítið norðaustantil. Milt í veðri.
Horfur á mánudag:
Suðvestanátt og skúr, en bjartviðri norðaustantil. Kólnandi veður.

Þriðjudagur 28. október:
Kl. 19:30 – Enski boltinn: Leeds – Manchester Utd. í 3. umferð deildarbikarins.
Miðvikudagur 29. október:
Kl. 19:45 – Enski boltinn: Blackburn – Liverpool í 3. umferð deildarbikarins.

Stöð 2:
Laugardagur 25. október:
Kl. 14:00 – Enski boltinn: Chelsea – Man. City eða Man. Utd. – Fulham
Canal+ Norge:
Laugardagur 25. október:
Kl. 11:30 – Enski boltinn: Bolton – Birmingham
Kl. 14:00 – Enski boltinn: Chelsea – Man. City

Sunnudagur 26. október:
Kl. 16:00 – Enski boltinn: Tottenham – Middlesbrough

Canal+ Zap:
Laugardagur 25. október:
Kl. 14:00 – Enski boltinn: Man. Utd. – Fulham

Sunnudagur 26. október:
Kl. 11:00 – Norski boltinn: Lillestrøm – Odd Grenland
Kl. 14:00 – Enski boltinn: Charlton – Arsenal.



www.ruv.is
Föstudagur 24. október

16.35 At
17.05 Leiðarljós
17.50 Tákunnalsfréttir
18.00 Anna í Grænuhlíð (14:26)
18.30 Snjallur lausnir (11:26)
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.10 Blossi. (Flash) Fjölskyldumynd frá 1997 um strák sem verður yfir sig hrifinn af hesti og safnar peningum til að geta keypt hann. Þegar þrengist í búi hjá fjölskyldu stráksins neyðist hann til að selja hestinn en ævinýrð er rétt að hefjast. *Meðal leikenda eru Lucas Black, Ellen Burstyn, Brian Kerwin og Shawn Toovey.*
20.40 Af fingrum fram. Jón Ólafsson ræðir við Hörð Torfason söngvaskáld, bregður upp svipmyndum frá ferli hans og tekur með honum lagið.
22.30 Heimilisrjúg. (Domestic Disturbance) Bandarísk spennumynd frá 2001. Fráskilið faðir tölfrá drengs kemst að því að stúpaðir drengirnir eru ekki sá sem hann þykist vera. *Adalhlutverk: John Travolta.*
00.00 Brauð og túlpanar. (Pane e tulpani) Ítölsk bíomynd frá 2000. Húsmóðrin Rosalba í Pescara stingur af til Feneija, kynnist Íslendingi og fer vinnu í blómabúð hjá sérvitnum anarkista. Maðurinn hendir er ekki sáttur við brotlitlaup og sendir mann á eftir henni. *Adalhlutverk: Licia Maglietta, Bruno Ganz, Giuseppe Battiston, Antonio Catania, Marina Messori og Felice Andreasi.*
01.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Laugardagur 25. október
09.00 Morgunstundin okkar
09.02 Tommi togvagn (17:26)
09.09 Bubbi byggir (10:39)
09.20 Albertína ballerína (39:39)
09.35 Strákurinn (3:6)
09.45 Villi spæta (2:26)
10.07 Fræknir ferðalangar
10.30 Orkuboltinn (5:8)
10.55 At
11.25 Kastljósið
11.50 Geimskipið Enterprise (6:26)
12.35 Framfarar
13.25 Þýski fótboltinn. Bein útsending frá leik í úrvalsdeildinni.
15.30 Handboltakvöld
15.50 Íslandsmótið í handbolta. Bein útsending frá leik Fram og KA.
18.00 Tákunnalsfréttir
18.10 Enn og aftur (16:19)
18.54 Lottó
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.40 Laugardagskvöld með Gísla
20.30 Spaugstofan
21.00 Krossgötur. (Crossroads) Bandarísk bíomynd frá 2002 með Britney Spears í aðalhlutverki. Þjárfærskuvinkonur fara í ferðalag frá smábæ í Georgíufylki til Los Angeles og lenda í ýmsum ævintýrum. *Meðal leikenda eru auk Bríney Spears þau Anson Mount, Zoe Saldana, Dan Aykroyd og Kim Cattrall.*
22.35 Fylkið. (The Matrix) Bandarísk bíomynd frá 1999. Tölvuþrótturinn Neó kemst að því að sitthvað er bogið við veruleikann sem hann lifir í og að þar ráða dularfull öfl ferðinni. *Adalhlutverk leika Keanu Reeves, Laurence Fishburne, Carrie-Anne Moss og Hugo Weaving.*
00.45 Svefninn langi. (The Big Sleep) Sakamáldar mynd frá 1946 byggð á sögu eftir Raymond Chandler. Roskinn hershöfðingi fær einkaspejarenn Philip Marlowe til að rannsaka hver kúgar fé af dóttur hans, en þar er greinilega eitthvað dularfullt á seyði. *Adalhlutverk: Humphrey Bogart og Lauren Bacall.*
02.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Sunnudagur 26. október
09.00 Disneystundin (2:10)
09.01 Otrabörninn (50:65)
09.23 Sigildar teiknimyndir (8:42)
09.30 Gengið (8:28)
09.54 Morgunstundin okkar
09.57 Draumaduft (5:13)
10.09 Ungur uppfinningamaður
10.30 Orkuboltinn (6:8)
10.50 Nýjasta tækni og vísindi
11.05 Vísindi fyrir alla (38:48)
11.20 Spaugstofan
11.50 Laugardagskvöld með Gísla
12.35 Joaquín Cortés í Albert Hall
13.30 Víkingar: DNA-slóðin rakinn
14.00 Af fingrum fram
14.40 Mósaik
15.20 Timamót í tónlist (2:3)
16.10 Hafíð, bláa hafíð
17.00 Markaregn
17.50 Tákunnalsfréttir
18.00 Stundin okkar
18.30 Óskatenurnar (2:3)
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.00 Í brennidepli. Í brennidepli er nýr og vandaður fréttaskýringaþáttur í Sjónvarpinu sem verður á dagskrá á sunnudagskvöldum einu sinni í mánuði. Í þessum þáttum verður kafað undir yfirborðið í samfélaginu á krefjandi og fræðandi hátt.
20.45 Nikolaj og Julie (12:16)
21.35 Helgarportið
22.00 Moskva. Rússnesk bíomynd frá 2000. Bófar reyna að endurheimta peninga sem þeir halda að hafi verið stolið af sendiböðum sem er í tygjum við tversystur og móður þeirra. Í myndinni eru ýmsar tilvisanir í leikritið Þrjár systur eftir Anton Tjekov. *Adalhlutverk: Ingeborga Dapkunait, Tatyana Drubich, Natalya Kolykanova, Aleksandr Baluyev, Viktor Gvozditsov og Stanislav Pavlov.*
00.25 Kastljósið
00.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

www.stod2.is

www.stod2.is

Föstudagur 24. október
06.58 Ísland í bítíð
09.00 Bold and the Beautiful
09.20 Í finu formi
09.35 Oprah Winfrey
10.20 Ísland í bítíð
12.00 Neighbours
12.25 Í finu formi
12.40 Dharma og Greg (4:24)
13.00 Jag (19:25)
13.45 Amazing Race (8:13)
14.30 60 Minutes II
15.15 Dawson's Creek (11:24)
16.00 Barnatími Stöðvar 2
17.15 Neighbours
17.45 Dark Angel (19:21)
18.30 Ísland í dag
19.00 Fréttir Stöðvar 2
19.30 Ísland í dag
20.00 The Simpsons (17:22)
20.30 Idol-Stjörnuleit. Það er farið að hitna í kolunum í Idol - Stjörnuleit. Fram til þessa hafa keppendur reynt sitt besta til að heilla dömfórnina en nú eru það ákveðið sjónvarpsáhorfenda sem ráða úrslitum.
21.20 Bernie Mac (17:22)

Martröð milljónamæringis

Hvað er það versta sem gæti gerst?, eða What's the Worst That Could Happen?, er geggiuð grímynd frá árinu 2001 sem Stöð 2 sýnir kl. 21:40 á laugardagskvöld. Kevin er atvinnuþjófur og skrambi góður í sínu fagi. Max er milljónamæringur og vanur að fá sínu framgengt. Þegar Kevin fer í ránsferð á heimili Max er hann grippinn glöðvolgur og fær að kenna á övönduðum meðulum. Max segir löggunnari að hann eigi hring sem Kevin er með á fingri en í raun er skartið lukkugripur sem þjófurinn fékk frá kærustu sinni. Max hrósar sigri og heldur að samskiptum þeirra sé lokið en í raun og veru eru þau rétt að hefjast. Adalhlutverk leika Danny DeVito (mynd) og Martin Lawrence.

21.50 Idol-Stjörnuleit
22.10 The Osbournes (22:30)
00.20 Övissubú Stöðvar 2
00.20 Bones. Hryllingsmynd. Árið 1979 var Jimmy Bones aðalmaðurinn í suðurhluta Chicago. Það stóð samt ekki lengi því félagar hans gengu á bak orða sinni og myrtu Bones. Löngu seinna eru ungir menn fluttir inn í gamla húsið hans Bones og bínur að breyta því í skemmtistað. Þeir þekkja ekki forsoğu hússins og því ekki tilbúnir að taka á því vandamáli sem skapast þegar Bones gengur aftur. *Adalhlutverk: Snoop Doggy Dogg, Pam Grier, Michael T. Weiss, Clifton Powell.*
01.55 Legionnaire. (Útlendingahersveitin) Van Dammes er boxari sem stingur af með peninga í eigu mafunnar og sér þann kost venstan að flýja af hölmi. Hann sér hóp valinkunna manna í frónsku útlendingahersveitinni á leið úr landi og slæst í höppinn. *Adalhlutverk: Jean-Claude Van Damme.*
03.30 The Avengers' Comedies. (Hefjinn er svær) Örlögin leíða Henry Bell og Karen Kjörlið saman. Hvorugt þeirra sér lengur tilgang með lífinu þegar þau hittast á Tower-brúnni. Þegar þau hafa borið saman þekur sínar ákveða þau að gefast ekki upp heldur uppreita rótt valdunarinnar. Hefjinn getur verið set. *Adalhlutverk: Helena Bonham Carter, Sam Neill, Kristin Scott Thomas.*
05.00 Tónlistarmyndbönd

Laugardagur 25. október
08.00 Barnatími Stöðvar 2
09.55 Whispers: An Elephant's Tale
11.15 Yu Gi Oh (48:48)
11.40 Bold and the Beautiful
13.20 Football Week UK
13.45 Enski boltinn. Bein útsending.
16.10 Rod Stewart á fönlukum.
17.15 Sjálfstætt fólk
17.45 Oprah Winfrey
18.30 Friends (7:23)
18.54 Lottó
19.00 Fréttir Stöðvar 2
19.30 Friends (8:23)
20.00 Spaceballs. (Jógiurt og félagar) Mel Brooks gerir mismunnarlaustr grín að Star Wars myndunum. Hinn vitri Jedi jógiurt og hinn smáxámi Svartihúttur koma við sögu. *Adalhlutverk: John Candy, Mel Brooks, Rick Moranis.*
21.40 What's the Worst That Could Happen? (Hvað er það versta sem gæti gerst?) Geggiuð grímynd. Kevin er atvinnuþjófur og skrambi góður í sínu fagi. Max er milljónamæringur og vanur að fá sínu framgengt. Þegar Kevin fer í ránsferð á heimili Max er hann grippinn glöðvolgur og fær að kenna á övönduðum meðulum. Max segir löggunnari að hringur á hendi Kevins sé sinn en í raun er skartið lukkugripur sem þjófurinn fékk frá kærustu sinni. Max hrósar sigri og heldur að samskiptum þeirra sé þar með lokið en í raun eru þau rétt að byrja. *Adalhlutverk: Danny DeVito, Martin Lawrence, John Leguizamo, Bernie Mac.*
23.20 Life as a House. (Hið fullkoma hús) Dramatísk kvikmynd. Arkitektinn George Monroe, 45 ára, stendur á krossgötum. Hann er nýbúinn að missa vinnuna og fær þær fréttir að hann sé haldinn ólánandi sjúkdómi og eigi fjóra mánuði ólífaða. Þrátt fyrir svartnættið leggur hann ekki árar í bát og ákveður að láta gamlan draum retast og byggja hið fullkoma hús. George fer son sinn til að stoðar en samband þeirra félda hefur ekki verið til fyrirmyndar síðustu árin. *Adalhlutverk: Kevin Kline, Kristin Scott Thomas, Hayden Christensen, Mary Steenburgen.*
01.25 Down to Earth. (Jarðbundinn)

Lance Barton starfar sem sendill og treður upp með gamanmál þess á milli. Fyrir misskilning er hann kallaður til himnaríkis en fær tækifæri til að snúa aftur til jarðarinnar. Eini gallinn er sá að Lance fær ekki að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið í sínum eigin líkama. Nei, hann verður að sætta sig við að fara í líkama eldri manns en það er smá huggun að sá gamli er vel efnum búinn og með þjóna á hverjum fingri! *Adalhlutverk: Chris Rock, Regina King, Chazz Palminteri.*
02.50 Love and Basketball. (Ást og körfubolti) Þriggja stjarna ástarsaga. Quincy McCall og Monica Wright hafa þekkt frá því í barnaskóla. Þau virðast sniðin hvort fyrir annað en alltaf stendur eitthvað í vegum. Þau fullorðnast og verða bæði frábærir íþróttamenn en ástin situr enn þá á hakunum. Quincy er nú heitubúinn annari konu og ástarsveitviri með Monica virðist heyrja sögunni til. *Adalhlutverk: Omar Epps, Sanaa Lathan, Alfre Woodard.*
04.50 Tónlistarmyndbönd

Sunnudagur 26. október
08.00 Barnatími Stöðvar 2
12.00 Neighbours
13.40 60 mínútur
14.25 Lífsaugið
15.00 The Big Green
16.35 Ruby Wax's Commercial
17.05 Strong Medicine (22:22)
17.50 Oprah Winfrey
18.35 Friends (9:23)
19.00 Fréttir Stöðvar 2
19.30 Ísland í dag
20.00 60 mínútur
20.55 Sjálfstætt fólk
21.30 Trust (6:6) (Traust) Breskur myndaflokkur sem gerist á lögreglustofu í Lundúnum. Hér sýnist lífið aðallega um yfirtökutíð og samruna þar sem miklir hagsmunir eru í húfi. Stephen Bradley er fremstur meðal jafningja í þessum heimi en í einkalífnum glímir hann við sömu vandamála og aðrir. *Adalhlutverk: leikur einn þekktasti sjónvarpsleikari Bretu um þessar mundir, Robson Green.*
22.25 Six Feet Under (5:13)
23.20 Curb Your Enthusiasm (10:10)
23.50 The Job (16:19)
00.15 Idol-Stjörnuleit
01.00 Idol-Stjörnuleit
01.15 Rain man. (Regnmaðurinn) Faðir aðnuleysingjans Charles Babbitts er látinn og hann mætir á staðinn til að hirða arfinn. En Charlie reynist ekki erfinginn áuðeva hans heldur bróðir hans Raymond sem er einhverfur. Charlie vissi ekki af bróður sínum fyrr en nú og fullur bræði ákveður hann að ræna Raymond af vistheimili og fara með hann í smá ferðalag. *Adalhlutverk: Dustin Hoffman, Tom Cruise, Valeria Golino.*
03.25 Tónlistarmyndbönd

www.syn.is

Föstudagur 24. október
18.00 Olíssport
18.30 Trans World Sport
19.30 Football Week UK
20.00 Gillette-sportpakkinn
20.30 Allt af boltanum
21.00 UEFA Champions League
21.30 Fastrax 2002
22.00 Mótorsport 2003
22.30 The Last Warrior. (Síðasti stríðsmaðurinn) Kalifornía er ríkjandi rúst eftir öflugan jarðskjálfta. Fluglíðsforinginn Nick Preston er einn þeirra sem lifðu af náttúruhamfarirnar en fram undan eru erfðir tímar. Matur og eldsneyti er af skortum skammti og í þokkabót þurfa Nick og félagar að glíma við mannskæða plágu. *Adalhlutverk: Dolph Lundgren, Sherri Alexander, Joe Michael Burke.*
00.05 A Brooklyn State of Mind. (Saga úr Brooklyn) Al Stanco hefur búið alla sína ævi í Brooklyn og framflýyrt sér með því að sinna skáverku fyrir mafuföringjann Danny Parente. Al kynnist Gabrieli sem er að gera heimildamynd um Brooklyn. Hann kemst svo að raun um að hún er að safna sönnunargögnum á hendur Parente. Al bregst ákveða við en það renna á hann tvær grimur þegar sönnunargögnin benda til að Parente tengist morðinu á föður hans. *Adalhlutverk: Danny Aiello, Vincent Spano, Maria Grazia Cucinotta, Tony Danza.*
01.35 On the Other Side. Eróttísk kvikmynd.
03.00 Dagskrárlok og skjáleikur
Laugardagur 25. október
11.15 Enski boltinn. Bein útsending frá leik Bolton og Birmingham City.
13.30 Allt af boltanum
14.00 Trans World Sport
15.00 Fastrax 2002
15.30 Gillette-sportpakkinn
16.00 Spænsk mörkin

skemmtun.com

Hvað er að ske? Á helginni

24. okt - 26. okt.

FM 93.7

Distex

FRASÓÐ

DIABLO

ÁSTAR hringurinn

L & K

DJ. KALLI LÚ VS. LOVE GURU.

Sveitar og sexi þöggoeittur í erótískt leikningu í Love Guru tekur það smá, smá... smá og þú...

Sjallinn Ísafirði 24. og 25. október

Föstudagskvöld 16 ár

Laugardagskvöld 18 ár

Fórðrykkur í boði á laugardagskvöld til 01

Sindbad Sæfari

Æðspennandi teiknimynd um nýrri ævintýri sægarpsins Sindbad, sem fer í mikla hættuför. Í kjölfarið tekur við ævintýrari skóferð sem kallar á mikla dífísku og hugþrýl.

Sunnudag kl 3 og 5

m / íslensku tali

S.W.A.T.

Frá framleiðanda xXx og Fast and the Furious kemur mögnuð spennimynd

Sunnudag kl 9

(eftir leik KJO)

Mánudag kl 8

Börnunni inn

12

17.00 Enski boltinn. Útsending frá leik í úrvalsdeildinni sem fram fór síðdegis.
18.54 Lottó
19.00 Bernard Langer
19.25 Spænski boltinn. Bein útsending.
21.35 De La Hoya - Shane Mosley
23.35 Love & Rage. (Ast og reiði)
Dramatísk kvikmynd um enska konu, Agnesi McDonnell. Hún á sveitasetur á Írlandi og ræður sér yngri mann, James Lynchehaun, til að líta eftir fasteigninni. Þrátt fyrir ólíkan bakgrunn takast með þeim ástir en sambandið er stormasamt því James er ekki allur þar sem hann er séður. Adalhlutverk: Greta Scacchi, Daniel Craig, Stephen Dillane.
01.15 Double Cross. Erótísk kvikmynd.
02.40 Dagskrárlok og skjáleikur

Sunnudagur 26. október

12.30 Boltinn með Guðna Bergs. Enski boltinn frá ýmsum hlíðum. Sínd verða öll mörkin úr leikjum úrvalsdeildarinnar þar deginum áður.
13.45 Enski boltinn. Bein útsending frá leik Charlton Athletic og Arsenal.
15.50 Enski boltinn. Bein útsending frá leik Tottenham og Middlesbrough.
18.00 European PGA Tour 2003
19.00 Markus Beyer - Danny Green.
21.00 Boltinn með Guðna Bergs
22.30 UEFA Champions League
23.00 Enski boltinn (E)
00.40 Full Blast. (Kjafur og klær)
Spennumynd um vafasamt háttæmi gesta í tilteknum náttúrulegum í Detroit. Maceo heitir náðunginn sem á staðinn en hann á skammtlegan feril að baki. Spilaskuldinnar hraustast upp hjá honum og helsta starfsmann hans, þokkadísinni Lindsey. Handrúkkararnir eru á leiðinni og sömu-leiðis tvö glæpagengi sem eiga þupgerðar sakir við hann. Adalhlutverk: David Caradine, Tracy Lords, Michael Wyle, Andrew Heckler.
02.10 Dagskrárlok og skjáleikur

www.s1.is

Föstudagur 24. október

17:30 Dr. Phil McGraw
18:30 Poppunktur (e) Spurninga- og skemmtipátturinn Poppunktur sameinaði fjölskyldur landsins fyrir framan viðtækin síðasta vetur. Þeir dr. Gunni og Felix hafa settið sveitir við að búa til enn

fleiri og kvikindislegri spurningar sem þeir ætla að leggja fyrir þá fjölmörgu poppara sem ekki komust að í fyrra. Bryddað verður upp á ýmsum nýjum og umhverfi „poppa“ upp. Það má búast við gríðarlegri spennu í vetur.
19:30 Malcolm in the Middle
20:00 Grounded for Life. Finnerty fjölskyldan er langt frá því að vera venjuleg en hjónin Sean og Claudia gera sitt besta til að gera börnin sín þrjú að heiðvirðum borgurum með aðstoð misjafnlegra óháfra ættingja sinna...
20:30 According to Jim. Jim Belushi fer með hlutverk hins nánast óþolandi Jims og gerir það með stæl. Ekkert virðist liggja vel fyrir Jim en þrátt fyrir það hefur honum á undraverðan hátt tekist að koma sér upp glæsilegri konu og myndarlegum börnum.
21:00 Meet my Folks
22:00 Djúpa laugin
23:00 Malcolm in the Middle
23:30 The King of Queens (e)
00:00 CSI: Miami (e) Í spennuþáttunum CSI: Miami er fylgst með réttarrannsóknardeild lögregluveris í Miami, sem undir forseti Horatius Cane leysir erfið og ógeðföld mál. Þættirnir eru systurþættir hinna geysivinsælu CSI.
00:50 Dragnet (e)
01:40 Dr. Phil McGraw (e)

Laugardagur 25. október

12:30 Jay Leno (e)
13:15 Jay Leno (e)
14:00 Maður á mann (e) Sigmundur Ernir Rúnarsson er einn reyndasti og fjölfæsti fjölmiðlamaður landsins og kemur sterkur til leiks á SKJAEINUM. Maður á mann er beinskeittur viðtalsþáttur þar sem Sigmundur Ernir fær til sín þjóðþekta einstaklinga í ítarlega yfirheyrslu um líf þeirra og störf, viðhorf og skoðanir. Með hnitmiðuðum innslögum kafar hann dýpra en gert í „venjulegum“ viðtalsþáttum og sýnir áhorfendum nýjar hlíðar af gestum þáttarinnar með aðstoð vana og fjölskyldu viðmælandaans. Ekki báðst við drot
15:00 Dragnet (e)
16:00 Djúpa laugin (e)
17:00 Survivor - Pearl Islands (e) Sjö- unda þáttaröð hinna geysivinsælu veruleikabáttu SURVIVOR. Nú fer keppnin fram á Pearl Islands, sem liggja utan við Panama og stefnir í svakalega spennu.
18:00 Fólk – með Sirry (e) Fólk með Sirry verður á sínum staði í vetur og fjöl-



SÆLKERAR VIKUNNAR

ERU GUÐBJÖRG K. Ólafsdóttir og Hjalti Þórðarson á Ísafirði

Frábær forréttur, lambalifur og eftirréttur „sanspareil“

Forrétturinn er einfaldur og góður úr hörpudisk. Mjög mikilvægt er að steikja hann ekki of mikið því þá verður hann seigur. Munið bara að hörpudiskurinn er vel ætur hrár. Enn er hægt að fá nýja lambalifur og því er tilvalið að nota hana í aðalrétt. Hún er bæði ódýr og holl en getur líka verið mjög ljúffeng og er hægt að matreiða á ýmsa vegu. Eftirrétturinn er svo ættaður frá „bera kokknum“ Jamie Oliver.

hörpudiskur
sítrónupipar
ólívuolífa (má nota smjör en lítið þó)

Hreinsið hörpuskelina (fjarlægjið sinina), stráið sítrónupipar yfir og látið standa í ísskáp í 1-2 tíma. Hitið olíu á pönnu og swissið bitana.

Berið fram með hrísgrjónum og Hollandaise sósu sem er lögðu úr pakka eftir leiðbeiningunum en verður að bragðbæta með sítrónusafa eftir smekk.

Lambalifur í ofni

500 g lambalifur
3 msk hveiti
2 laukar (afhyðdir og grófsaxaðir)
4 dl sveppir (skornir í sneiðar)
40 g smjör
1/2 tsk karrý (eftir smekk)
salt og pipar

Hreinsið lifrina vel og vandlega, skerið úr henni æðar og himnur. Lifrin er skorin í bita og hver biti hafðu svona eins og 2 sykurmolar að stærð. Blandið saman hveiti og kryddi og veltið lifrinni upp úr blöndunni. Steikið laukinn við vægan hita þar til hann er orðinn meir, setjið sveppina út í og steikið aðeins lengur.

Takið grænmetið af pönnunni og reynið að halda sem mestu eftir af feitinni. Steikið lifrina létt. Raðið í eldfast mót og setjið lauk og sveppi yfir.

breyttur sem aldrei fyrr. Þátturinn hefur fest sig í sessi sem einn vinsælasti vettvangur líflégar umræðu um málefni lífandi stundar, enda er Fólkí ekkert manlegt óviðkomandi.
19:00 According to Jim (e) Jim Belushi fer með hlutverk hins nánast óþolandi Jims og gerir það með stæl. Ekkert virðist liggja vel fyrir Jim en þrátt fyrir það hefur honum á undraverðan hátt tekist að koma sér upp glæsilegri konu og myndarlegum börnum.
19:30 The King of Queens (e) Doug Heffernann sendibílstjóra sem þykir fátt betra en að borða og horfa á sjónvarpið með elskunni sinni verður fyrir því ólíani að fá tengdafóður sinn á heimilið en sá gamli er upptækjasamur með afbrigðum og verður Doug að takast á við afleiðingar upptækjanna.
20:00 Malcolm in the Middle
20:30 Everybody Loves Raymond. Bandarískur gamanþáttur um hinn seinheppna fjölskyldufóður Raymond, Debru eiginkonu hans og foreldra sem búa hinumegin við götuna. Hér er á ferðinni allra fyrsta þáttaröðin um Raymond og fjölskyldu.
21:00 Poppunktur. Spurninga- og skemmtipátturinn Poppunktur sameinaði fjölskyldur landsins fyrir framan viðtækin síðasta vetur. Þeir dr. Gunni og Felix hafa settið sveitir við að búa til enn fleiri og kvikindislegri spurningar sem þeir ætla að leggja fyrir þá fjölmörgu poppara sem ekki komust að í fyrra. Bryddað verður upp á ýmsum nýjum og umhverfi „poppa“ upp. Það má búast við gríðarlegri spennu í vetur.
22:00 Keen Eddie (e) Spæjarinn Eddie er gerður útlægur frá starfi sínu í Bandaríkjunum og sendur í til starfa í Bretlandi. Þar lendir hann í hremmingum af ýmsum toga og fær tækifæri til að sína ótvíræða hæfileika sína til rannsóknarstarfa. Bandarísk spennu og breskur húmor!
22:50 The Bachelor 3 (e) Sjarmatröllid og ástarpungurinn Andrew Firestone er þrjú þiparsveinninn til að leita sér kvonfangs í beinni útsendingu. Andrew er hinn álitlegasti sveinn og á í mesta basli við að gera upp hug sinn til þeirra 25 kvenna

sem gírnast hann og hjólarbáðuðinn.
23:40 Meet my Folks (e)
00:50 Law & Order (e) Bandarískir sakamálaþættir með New York sem sögusvið. Þættirnir eru tvískiptir, í fyrri hlutanum er fylgst með lögregluöðnum við rannsókn mála og er þar hinn gamalreyndi Lennie Briscoe fremstur í flokki en seinni hlutinn er lagður undir réttarhöld þar sem hinir meintu sakamenn eru sóttir til saka af einvalaliði saksóknara en oft gengur jafn brösuglega að koma hinum grunuðu í fangelsi og að handsama þá.

Sunnudagur 26. október

12:30 Jay Leno (e) Jay Leno er ókrýndur konungur spjallþáttanna. Leno leikur á alls oddi í túlkun sinni á heimsmálum og engum er hlíft. Hann tekur á móti góðum gestum í sjónvarpsal og býður upp á góða tónlist í hæsta gæðaflokki. Þættirnir koma glöðvolgir frá NBC - sjónvarpsstöðinni í Bandaríkjunum.
13:15 Jay Leno (e)
14:00 Dateline (e) Dateline er margverlaunaður, fréttaskýringaþáttur á dagsskrá NBC sjónvarpsstöðvarinnar í Bandaríkjunum. Þættirnir hafa unnið til fjölda viðurkenninga og eru nær alltaf á topp 20 listanum í Bandaríkjunum yfir áhorf í sjónvarpi. Stjórnendur þáttarinnar eru allir mjög þekktir og virtir fréttamenn eins og Tom Brokaw, Stone Phillips og Maria Shriver.
15:00 Queer eye for the Straight Guy Samkynhneigðar tiskulögur gefa einhleypum, gangkynhneigðum körlum góð ráð um hvernig þeir megi ganga í augun á hinu kyninu...
16:00 Judging Amy (e) Hinir vinsælu þættir um fjölskyldumáladómarrann Amy Gray og við fáum að njóta þess að sjá Amy, Maxine, Peter og Vincent kljást við margháttau vandamál í bæði starfi og lífi.
17:00 Innlit/útlit (e) Innlit/útlit þarf vart að kynna. Þátturinn hefur nú göngu sína 5. árið í röð og ekkert lát er á vinsældum hans. Vala Matt hefur með aðstoð valinkunnra fagurkera frætt íslenska sjón-



Sósa

2 dl súrmjólk
1/2 dl tómatsósa
4 msk gráðostur

Blandið hráefninu vel saman og hellið yfir lifrina. Setjið lok eða álpappír yfir og bakið við 175 gráður í 15-20 mínútur. Tilvalið er hafa karóflumús og gott brauð með.

Eftirréttur „sans pareil“

Setjið vanillustangir og sykur saman í blandara eða matvinnsluvél. Á móti einu glasi af vanillustöngum fara u.þ.b. 200 g af sykri. Látið kurlast um stund (5-10 mínútur). Kaupið þá ávexti og ber sem ykkur finnst góð, t.d. perur, epli og vínber, bara eftir smekk hvers og eins. Setjið í ofnskúffu eða stórt eldfast mót, stráið vanillusykrunum yfir og bakið við 200 g í u.þ.b. 10 mínútur eða þangað til sykurinn er farinn að bráðna og safi farinn að koma úr ávöxtunum.

Berið fram með ís og þeyttum rjóma. Þið hafið ekki lifað fyrr en þið hafið borðað heit vínber.

Vanillusykurinn er svo hægt að nota í ýmsa rétti og geymist lengi. Hann er góður t.d. í pönnukökum og ýmsa eftirrétti.

Við skorum á Rósu Kristbjörgu Magnúsdóttur og Guðbjart B. Jónsson á Ísafirði að koma með eitthvað gott í næstu viku.

Í sælkera síðustu viku misritaðist nafn aðalréttarins. Hann heitir „Kínasvínið“ en var ranglega nefndur „Kínasvið“, beðist er velvirðingar á þessu.

kirkja

Flateyrarkirkja:
Krakkaklúbbur í dag
miðvikudag kl. 16:30.
Bænastund á morgun,
fimmtudag kl. 17:15.
Kyrrðarstund
á sunnudag kl. 17:00.

spurningin

Óttastu flensuna sem er nýkomin til landsins?

Alls svöruðu 316.
Já sögðu 92 eða 29%
Nei sögðu 185 eða 59%
Fæ aldrei flensu sögðu 39 eða 12%.

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Ísafjörður

Baldur Árna seldur til Meirihlíðar

Aðalsteinn Ómar Ásgeirsson, útgerðarmaður á Ísafirði, hefur selt fyrirtækinu Meirihlíð ehf. Baldur Árna ÞH 50. Eins og greint hefur verið frá keypti fyrirtæki Aðalsteins Ómars nýverið togskipið Oddgeir sem mun framvegis bera nafnið Baldur Árna.

Pálmi Stefánsson á Ísafirði er í forsvari fyrir Meirihlíð. Hann segir ætlunina að gera skipið út á snurvoð frá Vestfjörðum. Eftir sé að ráða áhöfn og ekki hafi verið ákveðið hvenær skipið haldi til veiða.

— kristinn@bb.is

Hnífsdalur

Stór hlutur í HG skiptir um eigendur

Afl hf. sem er m.a. í eigu Þorsteins Vilhelmssonar, stjórnarformanns Hraðfrystihússins-Gunnvarar hf., hefur selt 33,6 milljónir að nafnverði í HG. Um er að ræða tæp 5% af heildarhlutafé fyrirtækisins.

Eftir viðskiptin á Afl hf. aðeins 0,3% af heildarhlutafé HG. Söluverðið var 6,40 á hverja krónu nafnverðs og er heildarsöluverð því um 215 milljónir króna. Eftir viðskiptin eiga aðilar tengdir Þorsteini Vilhelmsyni rúmar 67,5 milljónir króna að nafnverði í HG sem er um 10% af heildarhlutafé.

— hj@bb.is



Smáfiskatorfur í Bolungarvíkurhöfn

Óhætt er að segja að líflegt sé við bryggjuna í Bolungarvík á þessum haustdögum. Í stillu og bjartviðri á laugardag mátti sjá

urmúl smáfiska synda þar við bryggjusporðinn. Ýmsir gómsætir molar falla fram af bryggjunni og virðast fiskarnir kunna vel

að meta það. Þétt torfan iðaði grunnt undir sjávarfletinum og bauð upp á sýningu sem á besta sædýrasafni væri. Sagt hefur

verið að þar sem eitthvað sé ókeypis á boðstólnum myndist biðröð. Er ekki annað að sjá en það lögmál eigi einnig við um frum-

stæðari tegundir en mannninn sem þó leggur nótt við dag, ef svo ber undir, þegar freistandi útsala er í vændum. — kristinn@bb.is

Sjávarútvegsráðuneytið úthlutar 119 tonna byggðakvóta

Ísafjarðarbær fær mestan kvóta

Ísafjarðarbær fær úthlutað mestum byggðakvóta að þessu sinni, eða tæpum 119 tonnum. Sjávarútvegsráðuneytið hefur alls 1.500 tonna byggðakvóta til úthlutunar á yfirstandandi fiskveiðiári og hefur nú skipt

honum. Sandgerðisbær fær úthlutað tæpum 93 tonnum af byggðakvótanum og minna fer á aðra staði. Halldór Halldórsson, bæjarstjóri í Ísafjarðarbæ, segist ánægður með að fá þennan kvóta vestur.

„Verðum við ekki að gleðjast yfir öllu sem við fáum,“ sagði Halldór. Hann sagði að í fyrra hafi byggðakvótinn til Ísafjarðarbæjar verið 161,5 tonn. Samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða hefur sjávar-

útvegsráðherra heimild, að höfðu samráði við Byggðastofnun, til að ráðstafa 1.500 tonnum af óslægðum botnfiski í þorskígildum talið til stuðnings byggðarlögum sem lent hafa í vanda vegna samdráttar

í sjávarútvegi. Við ákvörðun ráðherra til einstakra byggða var tekið mið af tekjum, íbúafjölda, fólksfækkun, breytingum á aflaheimildum, lönduðum afla og afla í vinnslu í einstökum sjávarbyggðum.

Byggðakvóti Súðavíkurhrepps

Stofnun fiskvinnslufyrirtækis í undirbúningi

Eins og fram kemur hér í blaðinu koma liðlega 30 tonn af úthlutuðum byggðakvóta til Súðavíkur. Ómar Már Jónsson sveitarstjóri segir að sveitarfélagið ætli að nýta sér heimild í reglugerð og koma með beinum hætti að úthlutun kvótans innan sveitarfélagsins. Ómar segir að í undirbúningi sé stofnun fiskvinnslufyrirtækis á Langeyri

sem væntanlega taki til starfa næsta sumar.

„Við höfum rætt við útgerðaraðila hér á svæðinu og menn eru áhugasamir í að fara í þennan rekstur. Skylt er að vinna byggðakvótann í því sveitarfélagi sem honum fær úthlutað og við munum nota hann til þess að leiða menn saman og tryggja frekari afla til vinnslu hér í hinu nýja fyr-

irtæki. Þetta verður hefðbundin fiskvinnsla,“ sagði Ómar.

Undirbúningur hins nýja fyrirtækis er í fullum undirbúningi og vonast er til að þeim undirbúningi ljúki fljótlega. „Þetta verður hins vegar ekki endanlega ákveðið fyrr en allar forsendur liggja fyrir“ sagði Ómar Jónsson sveitarstjóri.

— hj@bb.is



Súðavík.